

Gjafir Guðs. Látum aðra vita.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Autt blað. Ekkert ritað. Engum til gagns. Segir engum neitt. Er ónýtt til uppbyggingar og fræðslu. Er ekkert, með ekkert gildi fyrir nokkurn mann.

Sumir meðhöndla trú sína svona. Þeir eru eins og autt A4 blað sem á eftir að skrifa allt á.

3 árum seinna er blaðið enn autt. Í þrjú ár hafa þeir gengið með Kristi án þess að hafast að annað sitja, hlusta og þiggja. Sem er gott mál í sjálfu sér. Er trúin enda gjöf sem ekki verður frá mannum tekin. Og hana ber að halda í. En trúin þarf að fá að þróast og vaxa eðlilega og að gera manninn færari um að taka næsta skref sem er að boða öðrum trú. Þá hættir trúin að vera einvörðungu bundin við tiltekinn einstakling heldur breytist hún í þetta flæði, sírennsli, sem við viljum að hún sé hjá okkur. Og þannig hugsaði Drottinn þetta:

„ Hann sagði við þá: Farið út um allan heim, og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. „
(Mark 16:15)

Tími uppbyggingarinnar hefur sinn tíma og svo taka menn nýtt skref er þeir hafa lært að nota skjöld trúarinnar. Sem allt fólk verður auðvitað að kunna góð skil á til að standast hnjaskið sem því fylgir að starfa akri Guðs.

Jesú horfir á heiminn, á allt volæðið sem er og stjórnlaust og fer vaxandi en ekki batnandi.

10 árum seinna situr allt við sama hjá trúuðum og verkið ennþá ógert og endalausar tafir verða á þegar loksins skal drífa sig af stað. Hugmyndirnar eru enn óafgreiddar og löngun hjartans til að segja öðrum frá hindruð. Sem þó banka stöðugt á manninn. Endurteknar truflanir eru láttnar viðgangast þótt maðurinn geri sér fullkomlega ljóst að gjöf Guðs sé svo mikilvæg að ófært sé að eiga hana einvörðungu fyrir sig sjálfan:

„ Eða er Guðs orð frá yður komið? Eða er það komið til yðar einna? Ef nokkur þykist spámaður vera eða gæddur gáfum andans, hann skynji, að það, sem ég skrifa yður, er boðorð Drottins. „ (1Kor 14:36-37)

Drottinn vill að við deilum reynslu okkar með þeim sem í kring eru, og heitir þá vitnisburður.

Annað mikilvægt atriði þarf að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd að líklega eru allar truflanir sem menn verða fyrir þarna, manna sem hyggjast standa á fætur, séu skipulagðar af óvininum og markvist beitt þegar við á. Óvinurinn er vakandi og stöðugt á verði og fylgist grannt með öllum frelsingjum Krists, einmitt til að hindra þá í verkinu sem ætlar að lofa lifandi Guð svo að aðrir verði vitni að. Munum að vitnisburðurinn er hluti lofgjarðarinnar til Drottins. Heitir líka trúboð sem Satan og árar hans og púkar hata í hvaða mynd sem það birtist. Þetta snýst ekki um menn, engin er meiri né heldur merkilegri og færari í ritningunum en annar. Allir hafa sama möguleika á að vera vel að sér í Orðinu. Munurinn þarna er sá einn að sumir leggja meiri rækt við Orðið en aðrir og uppskera vitaskuld meiri gleði af innihaldi Orðsins en hinir sem hafast lítið að og eru svona alltaf á leiðinni.

Að nenna ekki að skoða Orðið og láta sér nægja það sem aðrir segja getur verið varasamt fyrir einstaklinginn og boðið heim ákveðinni hættu. Slíkum hættir til að hlaupa á eftir kenningar vindum sem koma yfir í bylgjum og að setja menn á stall sem Jesú einum er ætlað að vera á og hann einn ber. Við verðum að bera rétt sáðkorn í garðinn okkar sem grunn undir allt sem á eftir kemur. Orðið eitt er fært um að vingsa úr það sem ekki á heima í garðinum sem við viljum að sé góður og gefi

okkur gómsæta ávexti á uppskerutímanum. Orðið er prýðileg vörn gegn háskalegum kenningum. Og líka eina vörnin þegar allt kemur til alls:

„ Fyrst þér ákallið þann sem föður, er dæmir án manngreinarálits eftir verkum hvers eins, þá gangið fram í guðsótta útleigðartíma yðar. „ (1Pét 1:17)

Satan veit að allt fólk, hver sem er, er jafn í augum Drottins. Sem öndvert segir að allt fólk, sérstaklega hinir trúðu, er þyrnir í augum hans. Einmitt sökum ljóssins sem aftur og ítrekað kemur í gegn vondum verkum hans og lýsir á þau með sínum afhjúpanði hætti og fær sýnt öðru fólki hvernig og hver hinn raunverulega óvinur mannsins er og vinnur. Ljósið afhjúpar að fullu illsku þessa einstaklings. Mennt sjá þá að hann er rúin öllu sem heitir miskunn og kærleikur. Þegar slík illska opinberast fólki vill það ekki lengur vera nálægt honum og byrjar að verja sína með þá fyrst og fremst bæninni til Drottins.

Maðurinn fer í manngreinarálit og margir kristnir gera það líka. Oft á tíðum efast hinn trúaði um heilindi manna í sinni trú. Gildir þá einu þótt Biblían tali gegn slíku. Satan í annan stað tekur fullt mark á frelsun mannsins hvers sem. Hann sér nefnilega ljósið sem skín af trú mannsins og reynir að fá hann aftur yfir í sitt hold sitt, til að minnsta kosti letin komist að og ráði þann daginn. Hjartað er frá tekið fyrir Jesú og hans Heilaga Anda og ljóst að Satan kemst ekki þangað inn. En hann beitir þá annarri aðferð. Þeirri að slæva manninn og reyna allt sem hægt er til að hafa áhrif á gang mála. Holdið fýsileg kostur í augum óvinarins, sem nennir ekki, treystir sér ekki til, er huglaust, hugsjúkt, hrætt og óttaslegið, reitt, móðgunar-, efa- og fylugjarnt og allt hitt sem fær tilfinningarnar til að rótast upp. Og oftast nær neikvæðum en eru Satani samt hagfeldar.

Þegar maðurinn liggur afvelta í flækjum tilfinninganna er Satan allt að því rólegur og veit að Jesú í það minnsta fær líklega ekki sínum vilja framgegn í þessari manneskju á meðan ástand hennar er svona. Sumir reyndar hafa lært að stíga fram fyrir eigin tilfinningar til að vilji Guðs hindrist ekki. Sem vitaskuld er stórkostlegt trúarskref þegar maðurinn reynir styrk Guðs í sér með slíkum hætti og afar aðdúunarvert. Allir geta valið, endurtek valið, þessa leið og upplifað kraft Guðs koma yfir sig. Trúin er sterkara afl heldur en tilfinningarótið, þótt öflugt sé.

Holdið stendur í gegn andanum. Eins og líka segir: „ Holdið er veikt, en Andinn reiðubúinn.„

Hversu oft hefur óvininum ekki tekist ætlunarverk sitt er kemur að því hefjast handa í Guði með því að holdið nær yfirtökunum og maðurinn í stað þess að byrja nú sest í uppáhaldshægindastólinn sinn og dæsir þar af velliðan og ánægju, aðframkominn af leti og verkleysi með dagblaðið yfir andliti sínu og dottandi. Eða maðurinn fer í hina áttina fullur af starfsgleði og vilja og setur golfkylfurnar á axlirnar og skokkar á golfvöllinn til að svala eigin metnaði með Drottin bíðandi eftir sér eina ferðina enn og með sitt eigið " trúarhús " - í rústum vegna þess að engin tími er til að gera handtak þar.

Þessu þráir Drottinn að breyta. Hann vill að maðurinn vakni fyrir alvöru til að hann geti fengið honum göfugt og gott starf á akrinum og ýtt úr vör þeirri starfsemi sem hann vill að gerist fyrir hendur þessa eða hins einstaklingsins. Við þekkjum miskunnarlausan bardagan við eigið hold og eigin leti. Ekki satt? Kristur bendir á þetta. Til að mynda hér:

„ Eins skuluð þér segja, þá er þér hafið gjört allt, sem yður var boðið: Ónýtir þjónar erum vér, vér höfum gjört það eitt, sem vér vorum skyldir að gjöra. „ (Lúk 17:10)

Letin stafar af holdi mannsins sem oft er svo huglaust, hrætt og lítið í sér. En einmitt á þessum stað er maðurinn hvað öflugastur í Guði og fær að sjá mátt hans og getu á stórkostlegasta hátt: „ Því að mátturinn fullkomnast í veikleika,“ - segir á einum stað í ritningunum.

Óttaslegin og hrædd manneskja eru kjöraðstæður fyrir Satan og fullkomlega inn í plani hans hvað hinn frjálsa mann í Kristi varðar. Og á þessum stað gerir hann allt sem honum hugnast til að rugla manninn í ríminu sem má verða til að draga hann burt frá kærleika Drottins og ennþá neðar í sitt hugleysi og gera verklausan á akrinum, sem svo fáir starfa á, samkvæmt Orðum Biblíunnar.

Allir vita sem trúna eiga hafa frá mörgu að segja og margt upplifað í og með Drottni sem aðrir ættu hiklaust að fá að heyra um. Gildir fyrir hvert og eitt af okkur:

„ Bræður mínir, farið ekki í manngreinarálit, þér sem trúid á dýrðardrottin vorn Jesú Krist. „
(Jak 2:1)

Hvaðeina sem maðurinn þarfnast til að fylgja Jesú og eiga góða daga í eigin lífi má finna í Biblíunni.

Letin í bland við hug- og kjarkleysi, vinir, er mikill óvinur manna og kvenna þegar kemur að því að starfa í Drottni. Hversu oft höfum ekki skutlað okkur inn í þetta ástand þótt við vitum mæta vel að allt fólk er jafn mikilvægt á akrinum og allir hafi margt að segja og margt að gera? Hve margir eru ekki á fullu út um allar trissur til að raunverulega svala eigin metnaði og stolti, já og girnd, þótt Jesú nafn sé borið við, með sitt eigið trúarhús í rúst og Jesú afræktan í hjarta sínu? Hversu oft höfum við ekki leyft þunglyndinu og depurðinni að dragast yfir okkur með sínum afleiðingum og þá orðið sjálf að því fólk sem hefist ekki að fyrir ríki Guðs og líka þótt engin utanaðkomandi hafi styggt okkur hætishót heldur einvörðungu okkar eigin huglæga ástand sem háir stríð í huga vorum og gegn öllu sem er Guðs?

Bræður og systur! Enn bíður fólk utan línunnar eftir því að einhver komi til þeirra og segi frá Jesú og lausninni sem fellst í honum einum og við vitum að er raunveruleg lausn fyrir fólk. Hve mikil orka skildi fara í að bítast og þrasa við bróðir og systir í stað þess að eyða þeim tíma sem þannig fer til spillis á akrinum í uppbyggilegum erindum?

„ Allt lögmálið er uppfyllt með þessu eina boðorði: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. En ef þér bítist og etið hver annan upp, þá gætið þess, að þér tortímist ekki hver fyrir öðrum. „ (Gal 5:14-15)

Enn og aftur fáum við staðfestingu á að allt sem við þurfum er í bók bókanna.

Er Guð þá ekki bara ekki orðin leiður á okkur og fer að missa þolinmæðina og varpa okkur út eins og sprekinu sem brotnaði af stofninum og lenti í grasinu þar sem það fúnaði, þornaði og varð feyskið þurrt og snúið og til einskis nýtt lengur?

Af of frá og kemur ekki til álita hjá honum. Drottinn hefur rist mig og þig í lófa sinn og þar eru við græddir og fylgjum honum hvert sem hann fer hvernig svo sem tilfinningarnar draga okkur út og suður. Hann stendur við sitt þótt maðurinn sé með endalaus undanskot og reyni allt sem hann getur til að sleppa við minnsta handtak í Jesú. En Drottinn hefur lag á að draga manninn til sín aftur sem við það iðrast og vill gera Bragarbót. Hvernig svo sem efnirnar næst eru.

Drottinn gefst ekki upp með manninn. Væru málin í þeim farvegi og minnsta hætta á slíku hví þá að vera að frelsa manninn? Hann veit og hefur ávallt vitað um og gert sér fullkomlega grein fyrir vorum breyskleika. Jesú situr einfaldlega uppi með þessa ákvörðun sína. Höfum hugfast að maðurinn er fyrir innan línuna fyrir fyrirgefninguna og náðina sem gefin er í Kristi. Orð hans standa. Jesú elskar ekki bara endrum og sinnum, eins og menn gera, heldur alltaf. Líka þegar maðurinn er óhlyðinn og hreyfist ekki úr sporunum í sinni þrjósku og þvergirðingshætti:

„ Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér. Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni. Faðir minn, sem

hefur gefið mér þá, er meiri en allir, og enginn getur slitið þá úr hendi föðurins. „ (Jóh 10:27-29)

Hér kemur Jesú inn í þælingar manna sem vita upp á sig „ sökina „ og eru kannski með samviskubit vegna þess hversu ófúsir þeir hafa svo oft verið og hvorki viljað segja sinn vitnisburð né heldur ærlegt handtak á akrinum. Og alls ekki sé minnsta hættu á að verkið hreyfi við þeim með einhverjum hætti. Í þá andlegum skilningi. Og er þá átt við í formi skota frá fólki og þátta sem gætu verið meiðandi og tilkomin vegna trúar manneskjunnar og þess sem hún vitnaði um.

En þá skal það undirstrikað að verkin eru algerlega óskyld náð og miskunn Drottins sem bara er og verður áfram.

Þótt bæði ég og þú kunnum að hafa verið starfsamir á akrinum, sem reyndar Drottinn einn dæmir um, þá hefur það ekkert með elsku Drottins að gera. Hvaða faðir eða foreldrar hættu að elska barnið sitt bara vegna þess að það nennir aldrei að taka til í herberginu sínu né heldur að gera neitt til að létta undir með foreldrunum á heimilinu. Slík framkoma er vissulega hvímeið og ekki rétt en hefur ekkert með elsku foreldranna til afkvæmisins að gera. Brjóti það í annan stað reglur heimilisins og lætur ekki af gæti svo farið að nauðsýnlegt væri að vísa því á dyr. En næsta víst er að manneskjunni yrði aftur hleypt heim með bættu og breyttu líferni sínu. Þetta hefur margoft gerst og líka margir þekkja og hafa sjálfir upplifað. Fyrst maðurinn er tilbúinn til að afgreiða málin svona því fremur Guð sem á til kærleika margfalt á við kærleiksríkustu manneskju sem gengur undir sólinni.

Jesú sjálfra sín og mannsins vegna vill fá að nota fólk. Bæði til að það upplifi blessunina á eigin skinni sem verkum á akrinum fylgja og eins til að sækja fleiri sálir inn í ríkið sem Drottinn fær hrifsað út úr myrkrinu og yfir í sitt undursamlega ljóss sem óvinurinn í sífelli reynir að slökkva. Ljosið sem kviknar af trú mannsins er hindrun í öllu sem óvinurinn vill gera.

Ljós skín af trúnni og Satan sér þetta ljós og veit að tilheyrir Jesú. Og Satan óttast þetta ljós meira en nokkuð annað. Af þeim sem ljósið skín hefur hann sérstakar gætur og notar allskonar aðferðir til að hindra menn og konur í að gera vilja Krists. Á suma getur hann beitt aðferð til að mynda truflunarinnar, símhringingum og heimsóknum, þegar viðkomandi hyggst byrja starfið. Hjá öðrum notar hann stórvirkari leiðir. Allt ber að sama brunni hjá ódáminum. Sem er að hindra menn í að opinber dýrð Drottins í mannheimum. Maður segir frá og Orð Drottinn berst inn í hjartað. Og allt endurfætt fólk með Orð Drottins í sér er ógn við verk óvinarins og hann hefst handa þegar viðkomandi gerir sig líklegan til að setja nú á sig rögg og byrja að skrifa, eða hvaða verk annað sem er í Jesú. Hugleiðum þetta í fullri alvöru.

Allir eiga til í sínu fari margvíslegt gott sem þeim hefur verið úthlutað úr sjóðum Drottins. Drottin elskar að blessa og blessar manninn líka á bak og brjóst og nýtur þess að sjá gleðina kvikna í hjartanu vegna blessunarinnar. Þótt ekkert lát sé á blessuninni til mannsins og engin geti stöðvað blessun Drottins nema sá einn sem á að fá blessunina, vill Drottin samt gefa manninum meira.

Sem sag! Til að A4 blaðið sé ekki lengur autt með engu á þarf vitnisburður mannsins að berast öðru fólki og til að aðrir viti hvað ég og þú erum að þæla í og velta fyrir okkur þurfum við að láta í okkur heyra.

Menn vita að til að árangur verði dugir ekki að sitja með hendur í skauti og velta hlutunum fyrir sér út eitt og leifa þeim að fara hringinn og byrja svo á nýjan leik á núlli. Undirbúningstímanum, þótt mikilvægur sé og allt saman það, þarf að ljúka og tími verkanna að renna upp:

„ Þegar skýin eru orðin full af vatni, hella þau regni yfir jörðina. Og þegar tré fellur til suðurs eða norðurs á þeim stað, þar sem tréð fellur, þar liggur það kyrrt. Sá sem sífellt gáir að vindinum, sáir ekki, og sá sem sífellt horfir á skýin, uppsker ekki. Eins og þú veist ekki, hvaða

veg vindurinn fer og hvernig beinin myndast í móðurkviði þungaðrar konu, eins þekkir þú heldur ekki verk Guðs, sem allt gjörir. „ (Préd 11:3-5)

Þarna kemur Predikarinn inn á þessar vangaveltur höfundar. Þetta segir okkur þann sannleika að allt sem við þörfnumst til leiðbeiningar og kennslu fyrir lífið má finna í Biblíunni. Hún er bókin sem Drottinn gaf mannkyni öllu og hefur meiningu og gildi fyrir alla tíð.

Í gjörgæslu Drottins.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Guðs Orð er skírt. Haldi maðurinn sér þétt upp við það er hann undir vilja Guðs. Það leiðir af sér sjálfu. Engin maður fær samt haldið sér þarna nema fyrir trú. Trúin verður að vera í hjarta mannsins. Án trúar er ógerleg að gera vilja Guðs og halda sér undir þessum vilja. Við sjáum að trúin er nauðsýnleg til að eitthvað framhald geti orðið á göngu mannsins með Jesús:

„ En án trúar er ógerlegt að þóknast honum, því að sá, sem gengur fram fyrir Guð, verður að trúá því, að hann sé til og að hann umbuni þeim, er hans leita. „ (Heb 11:6)

Hér er mikilvægt atriði sem allt fólk hlýtur að þurfa að eigna sér og beygja sig undir til að framhald verði á og alvöru samband geti orðið að veruleika.

Drottinn sér um allt í lífi mannsins og líka það að trú hans viðhaldist og vaxi á eðlilegum hraða og eins og henni er ætlað að gera.

Hitt er jóst að án heimildar mannsins sjálfs eru kominn upp vígi fyrir Drottinn sem hann reynir ekki, eða öllu heldur vill ekki ryðja um koll, og allra síst með látum. Maðurinn gefur heimildina í eigin nafni og Drottinn getur hafist handa og sett allt sem er mannsins í örugga höfn, með Drottinn yfir og allt um kring. Daglegt samband manns við Drottinn þarf að koma til og verða að áþreifanlegri staðreynd.

Engum manni er fyrirfram búið að stöðvast á göngunni um lífsins veg. Engin getur sagt við sig sjálfan að nú sé nóg komið og tími til að slaka á og að leyfa öðrum að komast að. Þá yngra fólki. Drottinn hefur verk fyrir manninn, hvern sem er, sem byrjar þegar hann endurfæðist og líkur raunverulega við síðasta andvarp hans. Þetta getum við séð í lífi margra manna sem eru í dag háaldrað fólk en heldur áfram í eldi trúarinnar. Knúíð áfram af kærleika Krists. Að vísu ekki í sömu snerpu og áður en samt vel virkt og þátttakendur í verki Guðs og hefur sömu gleði af sínum verkum í Guði og áður var. Eldurinn í hjartanu nær að loga fyrir Guð. Allt fyrir þær sakir að fólkið vill þetta sjálft. Hjartað hrópar eftir þessu og lætur heldur ekki af sínu hrópi. Drottinn viðheldur öllu svona í hjarta mannsins og hann veit hvað maðurinn er fær um á hverjum tíma og leggur ekki meira á nokkurn mann heldur en hann fær borið með reisu. Gildir fyrir öll aldurskeið mannsins.

Þegar Drottinn sér að hjartað vill vera með og beinn og virkur þátttakandi en ekki áhorfandi þá mætir hann þessu hjá manninum. Mættum við, allt trúað fólk, biðja daglega slíkrar bænar.

Að erfiða og jafnvel líka streða fyrir Guð sama á hverju gengur og sama hvernig vindar blása þá og þá býr til alvöru hetjur sem svo sannarlega gagn er að fyrir ríki Guðs á jörðinni sem margir blessast af vitandi og óvitandi. Blessun Guðs breiðir sig yfir stórt svæði. Eina sem þarf er trú mannsins og bænir hans fyrir sjálfu sér og öðru fólki.

„ Tómas segir við hann: Herra, vér vitum ekki, hvert þú ferð, hvernig getum vér þá þekkt veginn? Jesús segir við hann: Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig. Ef þér hafið þekkt mig, munuð þér og þekkja föður minn. Héðan af þekkið þér hann og hafið séð hann. „ (Jóh 14:5-7)

Og

„ Jesús svaraði þeim: Verið ekki með kurr yðar á meðal. Enginn getur komið til mín, nema faðirinn, sem sendi mig, dragi hann, og ég mun reisa hann upp á efsta degi. Hjá spámönnunum er skrifað: Þeir munu allir verða af Guði fræddir. Hver sem hlýðir á föðurinn og lærir af honum, kemur til mín. „ (Jóh 6:43-45)

Hér kemur skírt fram að engin maður, og hér er átt við hina vantrúuðu, óendurfætt fólk, leiti Guðsríkisins að fyrra bragði. Kvikni slík löngun hjá fólki er hún komin og fædd af Drottni sjálfum sem mætti án þess að maðurinn þekkti hann og hreyfing varð í hjartanu og maðurinn fór að hugleiða þessi mál í fyrsta skipti. Þegar Orðið svo hefur náð einhverri fótfestu í hjartanu kemur Drottinn á nýjan leik til persónunnar tekur í axlir hennar og dregur yfir til sín. Ritningaversið greinir frá hvernig þessi frelsun mannsins raunverulega á sér stað. Við sjáum af þessu að það er algerlega útilokað að maðurinn finni Guð nema Guð sjálfur mæti og opni eitthvað í hjarta hans sem þá vekur honum áhuga á þessum málaflokki sem heitir kristinn trú. Að fylgja Jesú gerist andlega. Jesús er andi.

Bræður og systur! Maðurinn leitar ekki Guðs að fyrra bragði. Horfðu bara til sjálfs þíns og þá rifjast ýmislegt upp sem sannfærir þig um að Guðsvitundin var ekki efsta hugsun í hjartanu svona dags daglega og áður en frelsisverkið varð þitt og allt umbreyttist í lífinu til hins betra. Og þegar erfiðleikar komu gerðist það oftast enn ekki að þeir fylltu okkur gremju, leiða, reiði, ásökunum, dómum og öðrum slíkum neikvæðum tilfinningum. Við höfðum engin ráð við þessu og gripum til þeirra ráða sem við þekktum og höfðum oft notað við hinu óvænta og nefnd voru hér fyrr. Eintómar ásakannir og oftast nær út í bláinn.

Tómarúmið í hjarta mannsins er staðreynd sem maðurinn reynir að fylla með hverjum þeim hætti sem hugsast getur og hann finnur uppá sjálfur. Til að mynda þessu sem hér var nefnt, reiði að viðbættri hefnigirni og öðrum álíka ósóma. Margar aðrar leiðir fer maðurinn einnig til þess arna en eru allar sama marki brenndar að duga skammt og aðeins um stutta stund. Fyllingin sem þarna þarf að koma til er frá Drottni og honum einum. Heilagur Andi er þessi fullkomna fylling sem maðurinn þarfnast. Bráðfyndið en samt staðreynd.

Tómarúmið hefur sitt óp í manninum frá fyrstu tíð og strax eftir að maðurinn er kominn til vits og ára. Hjartað vill fá það aftur sem hvarf á braut við skilningstré Góðs og Ills en getur ekki fengið til baka nema í Kristi. Maðurinn er nefnilega sköpun skapara og hann sér ekki eftir neinu. Eitthvað í manninum finnur að einn hlut vantar í hann og fer að kalla eftir honum. Hinn endurfæddi veit að það er Andinn Heilagi sem hrópað er eftir og einnig að hann fær gefið henni þetta beina, milliliðalaus og brýna samband við skaparann. Óendurfædd manneskja veit það hins vegar ekki. Henni er haldið í blekkingum af honum sem ræður yfir heiminum og heitir Satan sem er lygari frá upphafi og faðir lygarans.

Sá sem skapaði veit hvað fór úr manninum við syndafallið og vill líka fá að fylla manninn með því aftur og gera þessa sköpun sína eins og í upphafi var ætlað. Sem fráleitt er að sé í dag með alla þessa yfirflæðandi og vaxandi synd og syndabyrði sem þekur heiminn með mörgum lögum og sligar allt sem hún nær til og kemst í tæri við. Allt slíkt er í eðli syndarinnar hvar sem hún kemst að. Með Heilagann Anda í hjarta sínu og hann stöðugan og viðvarandi viðhelst samband mannsins við Guð í gegnum Jesú Krist, Son Guðs og syndin er ekki lengur hlutskipti mannsins. Að syndga er eftirleiðis val mannsins og Guð forði okkur kristna fólkinu frá að velja syndina á nýjan leik. Útþynntur kristinnómur er eitt hið versta sem til er í vorri veröld. Stöndum vörð um sannleikan og berum hann fram umbúðalaus.

Jesús er ekki skurðgoð, ekki gerður af mannahöndum úr tré með tilhöggnu grjóti, eins maðurinn hefur tilhneigingu til að gera og falla fram fyrir og sannar um leið að maðurinn sé skapaður fyrir átrúnað og að tilbiðja sér æðra. En maðurinn leitar ekki til hans sem skapaði og gerði heldur hefur í staðin allskonar annan átrúnað sem allt eru þó dauðir hlutir og eða til einskis gagns og ónýtir þegar upp er staðið og á reynir. Enda komið úr heiminum og allt sem í heiminum er er þar til að eyðast og að engu verða. Hið eina sem varir er Orð Guðs:

„ Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti, sem í heiminum eru. Sá sem elskar heiminn, á ekki í sér kærleika til föðursins. Því að allt það, sem í heiminum er, fýsn holdsins og fýsn augnanna og auðæfa-oflæti, það er ekki frá föðurnum, heldur er það frá heiminum. Og heimurinn fyrirferst og fýsn hans, en sá, sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu. „ (1Jóh 2:15-17)

Allt sem glóir svo á í kringum okkur og okkur finnst vera tilkomumikið og jafnvel afskaplega heillandi hverfur einn daginn og verður að engu. Sama hversu hátt það rís og sama hversu mjög menn trú á þetta eða hitt að einn daginn er menn rísa úr rekkju er það ekki lengur þar sem það áður var. Og menn spyrja:

„ Hvað gerðist. Hvað í ósköpunum hefur gerst. „ - Ógæfan eins og hvolfist yfir menn og öllum að óvörum. Svona er sagan. Alger glundroði er kominn upp á degi sem engin átti von á að yrði neitt nema góður og líkur gærdeginum sem viðskiptin blómstruðu svo á og peningarnir streymdu í stríðum straumum ofan í peningakassann með menn fengu glýju í augun af öllum þessum dollaramerkjum og peningaseðlum sem runnu framhá augum þeirra. Fyllingin sem stundarkorn fyllti hjartað er farið og æpandi tómarúmið komið í staðin og aftur til baka. Menn veðjuðu á rangan hest og ekki í fyrsta skipti.

En vonin er ekki þrotinn. Ennþá er náðartími. Náð Guðs er ný á hverjum degi. Að náð Drottins sé ný á hverjum degi er magnaður, sannur og merkilegur boðskapur sem allir geta eignast en gagnast þó ekki fullkomlega nema í trú á Jesú.

Drottinn hrópar á manninn og notar til þess fólk sem hann hefur þegar tekið í hnakkadrambið á og dregið yfir til sín, ef þannig má að orði komast. Þessir menn sá frækornum Orðsins, tala út Orðið, blása lífi í hjörtu manna og kvenna sem eru að komast í örþrot, hugga, smyrja smyrsl Jesú á sár og á mörg opin sár sem ógeðslegur gröftur vellur úr og engin lækning er til við. Boðberar Drottins eru sannkallaðir lífgjafar hvar sem þeir fara um. Enda engin furða með það til hliðsjónar að sjálfur Jesú er með í för og útbýtir sínum Heilaga Anda til allra sem hann vill og endurfæðir mann og annan og einstaklingurinn er aftur kominn með allt í sig sem Guð skapaði og vildi í honum hafa en varð að sjá á eftir við þetta hræðilega skilningstré Góðs og Ills sem ódámurinn hringaði sig svo lipurlega eftir og talaði svo fagurlega við þessa sköpun Guðs. Og fólkíð í einfeldni sinni og hrekkleysi dróst að þessari lífshættulegu pest og lét að fullu blekkjast. Allt á þetta sér upphaf í óhlýðni mannsins við vilja Guðs. Frá þessu verður ekki horft:

„ Allt til þessarar stundar þolum vér hungur, þorsta og klæðleysi, oss er misþyrmt, vér höfum engan samastað, og vér stöndum í erfiði og verðum að vinna með eigin höndum. Hrakyrtir blessum vér, ofsóttir umberum vér, lastaðir áminnum vér. Vér erum orðnir eins og sorp heimsins, afhrak allra allt til þessa. Ekki rita ég þetta til þess að gjöra yður kinnroða, heldur til að áminna yður eins og elskuleg börn mín. „ (1Kor 4:11-14)

Það er engum heiglum hent að starfa á akri Guðs og engin endist þar til langframa sem ekki hefur vernd Drottins Jesú Krists og himneskra hersveita hans sem standa með manninum í hvert sinn sem hann fer af stað og vinnur verk í Jesús nafni. Starfið á akri Guðs er strembið eins og Páll viðurkennir í versunum hér ofar og við vitum að er sannleikur. Margt mætir manninum sem hann þarf að kljást við, leysa úr og vinna á. En hann hefur Drottinn með sér í hverju verki og sigurinn því unnin áður en af stað er farið. Þetta er hlutskipti allra sem vilja láta Drottinn nota sig.

Takið eftir því að einstaklingurinn þarf sjálfur að velja að beygja sig fyrir Drottni sínum og herra Jesú Kristi. Allt í manningnum sjálfum, í holdi hans, og holdið tilheyrir heiminum og syndinni þar, hrópar gegn slíkri „niðurlægingu. „ Eðli mannsins segir: „Þú skalt beygja þig fyrir mér.“ Honum líkar alltént slík framkoma betur heldur en að þurfa sjálfur að beygja sig:

„ Ég er sjálfs míns herra og þarfnast einskis. „

Og hvað segir ekki Jesús fyrir munn Páls?:

Gjörð ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður. „ (Fil 2:3)

Og aftur hérna:

„ En af því að þú ert hálfvolgur og hvorki heitur né kaldur, mun ég skyrpa þér út af munni mínum. Þú segir: Ég er ríkur og orðinn auðugur og þarfnast einskis. Og þú veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. Ég ræð þér, að þú kaupir af mér gull, skírt í eldi, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði til að skýla þér með, að eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi. Alla þá, sem ég elska, tyfta ég og aga. Ver því heilhuga og gjör iðrun. „ (Opb 3:16-19)

Maðurinn þarf að beygja sig sem einvörðungu er hægt í kærleika og trú á hinn upprisna Jesús. Öðruvísi getur hann ekki metið aðra menn meira heldur en sig sjálfan. Þetta þekkja allir menn séu þeir heiðarlegir og séu tilbúnir að skoða stöðuna í hreinskilni og sannleika.

Þótt að Orðin í Opinberunarbókinni kunni við fyrstu sýn að vera hörð og óvæginn leynist í þeim kærleikur sem vill leiðrétta manninn og snúa til iðrunnar. Í iðruninni brotnar margt í hjartanu sem hingað til hefur verið fyrirstaða og hindrun á veginum.

Maðurinn er í gjörgæslu Drottins. Drottinn veit um hvert hans skref og um hverja hugsun sem bærast í hjartanu. Maðurinn getur ekki sett upp neitt leikrit fyrir Guði. Hann getur blekkt menn og það jafnvel árum saman, rétt er það, en andspænis Drottni er líf hans sem opin bók og allt skráð sem hann hefur gert og unnið. Bæði gott og illt. Noti maðurinn sér þessa vitneskju á réttan hátt getur hún hindrað hann í að fremja allskonar axarsköft sem draga dilk á eftir sér og engan góðan. Við þurfum á hlusta á Drottinn og fara eftir því sem hann, endurtek hann, hefur um líf okkar að segja.

Hjarta mannsins er ætlað Anda Guðs. Guð sleppir ekki hendi af manningnum og reynir hvað sem hann getur til að fá manninn aftur til sín án þess þó að taka fram í fyrir viljaákvörðunina sjálfa. Þar setur Drottinn sjálfum sér mörkin. Frelsi mannsins til að taka sjálfstæðar ákvarðanir er helgur réttur einstaklingsins sem Guð virðir fullkomlega. Enda af honum gefinn. Og Guð sér ekki eftir neinu og ekki heldur því að gefa manningnum fullt frelsi til að velja og hafna samkvæmt eigin ákvörðun. Hann gaf honum hugsun og vit og maðurinn getur greint gott fr´aillu. Annað er síðan hvað hann velur að gera.

Sem kunnugt er og lesa má um í Biblíunni og hér hefur verið getið um að þá missti maðurinn Anda Guðs frá sér við skilningstré Góðs og Ills er Adam og Eva beygðu sig undir vald skelmisins og lögðu þar með byrðar á allt mannkyn með tölu. Í Kristi og bara í Kristi endurheimtist þetta aftur með gjöf Heilags Anda sem getið er um í Postulasöggunni og boðunin hófst á jörðinni með stofnun kirkjunnar.

Kirkjan byggir sitt á Heilögum Anda sem öndvert gefur fólki full og óskilyrt samband við Jesú. Jesús fullnaði verkið á krossinum með því að deyja sjálfur saklaus í stað syndugs og seks mannsins sem raunverulega átti sér enga viðreisnar von. Í þessu birtist okkur sjálft fagnaðarerindið í allri sinni dýrð. Amen.

Hvernig sem við reynum að útskíra málið liggja rætur ógæfunnar á jörðinni til þessa atburðar við þetta merkilega tré sem staðsett var í miðri Eden. Oft nefnt syndafallið.

Hvernig sem maðurinn skoðar þessi mál er útilokað að hann geti á nokkurn hátt bent á sig sjálfan varðandi eigin endurfæðingu frekar heldur en sína náttúrlegu fæðingu. Maðurinn bara kom í heiminn og maðurinn bara endur fæðist bara si svona að vilja lifandi Guðs og er ekki lengur undir oki og áþján syndarinnar heldur frjáls eins og fuglinn.

Syndin er afl sem raunverulega tekur á móti honum undireins móðurkviðnum sleppir og hann byrjaði að draga sjálfur að sér súrefnið úr loftinu í kringum sig. Heimurinn er þakin mörgum lögum af synd sem sífellt bætist við og synd leggst ofan á synd vegna þess að syndinni linnir ekki nema í Kristi. Heimurinn er hreinlega að sligast og drukkna í allri þessari synd:

„ Því að þekking vor er í molum og spádómur vor er í molum. En þegar hið fullkomna kemur, þá líður það undir lok, sem er í molum. Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnskapinn. Nú sjáum vér svo sem í skuggsjá, í ráðgátu, en þá munum vér sjá augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun ég gjörþekkja, eins og ég er sjálfur gjörþekktur orðinn. En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur. „ (1Kor 13:9-13)

Góð lokaorð á góðum pistli.

Lifið heil í Jesú nafni.

Kristur fór á krossinn

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Fyrir margt löngu lét Kristur líf sitt á krossi og fyrir margt löng reis hann upp frá dauðum og settist til hægri handar Föðurnum. Fyrir margt löngu fékk mannkynið lokatækifæri sitt til að endurheimta sambandið við Guð sem það glataði þegar Adam og Eva greiddu veg syndarinnar með ákvörðuninni sem þau tóku. Tækifærið stendur ennþá til boða og enn er náðartími. Krossfestingin var möguleg og illskuverkið var hægt að fremja í skjóli æsings manna og kvenna sem fóru um göturnar og kröfðust blóðs saklauss manns:

„ Jesús sneri sér að þeim og mælti: Jerúsalemsdætur, grátið ekki yfir mér, en grátið yfir sjálfum yður og börnum yðar. Því þeir dagar koma, er menn munu segja: Sælar eru óbyrjur og þau móðurlíf, er aldrei fæddu, og þau brjóst, sem engan nærðu. Þá munu menn segja við fjöllin: Hrynjið yfir oss!og við hálsana:Hyljið oss! Því að sé þetta gjört við hið græna tréð, hvað mun þá verða um hið visna? „ (Lúk 23:28-31) - Hér lesum við orð Jesú á leið til krossins. Hann bendir á hvað gerist þegar æst fólk sem búið er að mata á röngu fódri og espa upp og þegar vondir menn ná tökum á fjöldanum. Syndin fékk falleinkunn. Jesús bendir á sjálfan sig sem hið græna tré sem samt þarf að líða það sem hann leið saklaus eftir að hafa gert öllum bara gott. Sjá má illsku mannsins í þessari mynd sem Kristur dregur upp. Mynd sem marg oft hefur verið endurvakin. Hjartað getur ekki öðlast frið nema Drottinn nái að umskapa það.

Aðalatriði málsins er að þarna er hjálpræði mannsins um það bil að líta dagsins ljós. Örskömmu síðar var syndin búin að negla Drottinn á krossinn og dauðinn kominn til að sækja manninn. Eftir þrjá daga og þrjár nætur varð dauðinn að gefa hann lausan og fullnaðarsigur fyrir allt fólk vannst án þess að það hefði neitt um sigurinn að segja. Guð var að vinna verk. Kærleikur hans kom fram og staðfesting um að Guð elskar manninn og færir honum til baka það sem hvarf við skilningstré góðs og ills.

Adam og Eva völdu en val þeirra var rangt. Og margir velja rangt fyrir sig.

Og aftur fær maðurinn val. Sumir velja rétt og segja já við Kristi. Aðrir segja nei og eru þá að krossfesta Krist á nýjan leik. Réttlæti Guðs birtist fólkinu í Syni Guðs Jesú sem reis upp.

Margt frásögunni vekur athygli. Eitt er að þrátt fyrir þínu og kvöl gefur Jesú sér samt tíma til að uppörva konurnar sem grétu yfir meðferðinni á honum. Kærleikanum varð ekki frá Jesú haldið. Meira að segja á krossinum, eftir að búið var að negla hann á höndum og fótum og reisa staurinn upp, sagði hann orð sem útilokað er að segja nema kærleikurinn sé gegnumgangandi í hjarta þess sem talar:

„ Þá sagði Jesús: Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra. En þeir köstuðu hlutum um klæði hans og skiptu með sér. „ (Lúk 23:34)

Svona mælir aðeins stórmenni og sönn fyrirmynd allra manna og kvenna á jörðinni.

Fram kemur í Biblíunni að Kristur gaf líf sitt sjálfviljugur á krossinn. Þetta gerði hann til að bjarga öllum þessum visnuðu trjám frá því að verða visnuninni að algerrri bráð og gat með ákvörðun sinni snúið ferlinu við og visnunin hætti og tréð aftur fært um að þiggja rétta næringu. Og þau urðu græn og falleg og lofandi Guð og ekki lengur visnuð:

„ Fólkið stóð og horfði á, og höfðingjarnir gjörðu gys að honum og sögðu: Öðrum bjargaði hann, bjargi hann nú sjálfum sér, ef hann er Kristur Guðs, hinn útvaldi. „ (Lúk 23:35) - Vissulega gat Kristur bjargað sér af krossinum og stigið niður. Í honum bjó allur kraftur Guðsdómsins. Jesú þurfti heldur ekkert að fara á krossinn og gat vel komið sér undan því. En hann valdi að klára verkið eftir að hafa horft í mín og þín augu og lesið það sem í þeim stóð. Og hvað sá hann þar? Sorg, ótta, hræðslu, kvíða, óvissu, reiði, biturleika, hatur, hefnigirni, höfnun, vondar hugsanir, brostnar vonir og allt hitt sem mannkynið glímir við og engin lausn er til við nema í Kristi. Kærleikur Drottins átti hér síðasta orðið.

Víða í ritningunum kemur fram að Kristur var með fulla stjórn á öllu í kringum sig og að ekkert gat gerst sem hann vildi ekki að gerðist:

„ Allir í samkunduhúsinu fylltust reiði, er þeir heyrðu þetta, spruttu upp, hröktu hann út úr borginni og fóru með hann fram á brún fjalls þess, sem borg þeirra var reist á, til þess að hrinda honum þar ofan. En hann gekk gegnum miðja mannþröngina og fór leiðar sinnar. „ (Lúk 4:28-30)

Hér sést vel hversu veður skipast oft skjótt í lofti. Allir í salnum, hver og ein einasta manneskja, var tilbúinn til að hrinda þessum manni fram af bjargbrúninni og niður í stór grýtið þó ljóst væri að engin maður fengi lifað fallið af. En þarna, á bjargbrúninni, gerðist himneskur atburður sem kom fram á þann hátt að gersamlega öll vopn voru sleginn úr höndum æsts múgsins sem gat ekkert frekar aðhafst. Og í stað þess að fremja sitt ódæði opnaði það leið og myndaði tvær raðir fyrir Jesú að ganga í gegnum.

Sjá menn kærleika Drottins starfa í þessari frásögu? Hann er augljós. Hve margir skildu hafa verið þakklátir fyrir að verkið var ekki unnið þegar aftur brá af liðinu og reiðin hætti? Já, hve margir? Kærleikur Drottins kemur berlega fram þarna á bjargbrúninni.

Hvernig getur svona gerst nema yfirnáttúrulegt afl sé á ferðinni og svo máttugt að engin maður fær það stöðvað né heldur staðið í gegn? Kristur lagði allt sitt á Föðurinn. Þetta sjáum við aftur og ítrekað gerast.

Jesú segir að við munum ekki bara vinna sömu verk og hann heldur meiri verk því að við verðum eftir á jörðinni en hann fer til himna. Hér vitnar hann ekki bara til kynslóðarinnar sem var honum samferða heldur líka hinna sem áttu og eiga eftir að koma. Þær munu líka vinna í þessu nafni og gera margskonar verk. Við vitum að samtíðarmenn Krists lifa ekki með okkar kynslóð, nema í gegnum Biblíuna. Þeir eru löngu horfnir af sjónarsviðinu. Við hins vegar erum lifandi í dag og byggjum á reynslu og þekkingu forvera okkar og aukum við þekkinguna, því að hver kynslóð fyrir sig eykur við það sem fyrir er. Og þekkingin vex.

Við sem trúum lifum í sama krafti og Kristur. Hann umsnéri hjörtum viðstaddra á bjargbrúninni og bjó til handa sjálfum sér veg út úr krísunni. Sem margir myndu nú telja algerlega vonlausu.

Já, hver kynslóð fyrir sig framber nýtt í Kristi og kirkjan gerir ennþá kraftaverk í krafti Jesú. Allt fyrir trú sem kom af endurfæðingunni og fyllingu Heilags Anda. Vor eigin vantrú er sem fyrr vandamálið sem við er að glíma. Ekki Kristur né heldur geta hans og máttur. Enda yfir allt hafið og stendur af sér hvern storminn eftir annan og eflist við hverja raun.

„ Jesús svaraði þeim: Er það ekki þetta, sem veldur því, að þér villist: Þér þekkið ekki ritningarnar né mátt Guðs? Þegar menn rísa upp frá dauðum, kvænast þeir hvorki né giftast. Þeir eru sem englar á himnum. En um þá dauðu, að þeir rísa upp, hafið þér ekki lesið það í bók Móse, í sögunni um þyrnirunninn? Guð segir við Móse: Ég er Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs. Ekki er hann Guð dauðra heldur lifenda. Þér villist stórlega. „ (Mark 12:24-27)

Hér segir Drottinn að hann sé Drottinn allra sem lifa en ekki þeirra sem deyja. Þeir einir lifa sem trúa á Jesú. Dauðinn fyrir hinum trúaða er afstæður og ekki lengur hlutskipti. Allir aðrir menn deyja vegna þess að hinn upprisni Jesú var ekki valin á meðan mönnum gafst enn tækifæri til að velja hann. Sinnuleysi, afstöðuleysi, áhugaleysi og kæruleysi á því sem er Drottins er hið sama og að hafna sínu eigin hjálpræði. Eina sem dugir andspænis Jesú er: „ Já, ég vil fylgja þér. „ - Þetta val stendur okkur til boða svo lengi sem við lifum og var gert mögulegt eftir atburðinn á krossinum.

Enn er náðartími. Hvenær þessum náðartíma líkur veit engin maður. Aðeins Faðirinn. Þann tíma mun að bera og þá munu menn allt í einu vakna upp við vandan draum og upplifa að náð Guðs er ekki lengur til staðar fyrir þá. Margir þverskallast við þegar svona tal berst þeim til eyrna og munnur breytist í beint mjótt strik, hnepar kreppast undir borðum og augabryr síga og andlit færast smá saman yfir í hörkuna sem örskömmu áður var allt hið ljúfmannlegasta.

Sannleikurinn bræður og systur hlífir engum manni. Fólki sem tekur við gerði það vegna sannleikans. Á endanum náði sannleikurinn að sannfæra mig og þig.

Náðin er sem sagt ennþá yfir og menn halda áfram að fæðast og að starfa sinn tíma. Svo deyr fólkið. En ekki allir í trú á Jesú. Með verkin sín, bæði góð og vond, kemur fólkið svo fram fyrir dóminn og upp í bókum verður flett og fólkið dæmt samkvæmt eigin verkum og því sem það gerði á jörðinni. Og hvert er svo helsta sakarefnið ákærandans, hér er ekki verið að tala um Satan, sem flettir í bókunum. Afstaða mannsins til Sonar Guðs:

„ Syndin er, að þeir trúðu ekki á mig. „ (Jóh 16:9)

Biblían segir líka að til sé bók sem heiti Lífsins Bók og að allir sem ekki finnast skráðir í Lífsins Bók verði kastað í eldsdíkíð. Nafn sitt fær fólkið ritað í Lífsins Bók af játnun sinni við Jesú nafn. Trúum við þessu? Biblían talar svona og menn geta sjálfir flett upp í þessu og lesið í Opinberunarbókinni kafla 20 og versu 15:

„ Fyrir því elskar faðirinn mig, að ég legg líf mitt í sölurnar, svo að ég fái það aftur. Enginn tekur það frá mér, heldur legg ég það sjálfur í sölurnar. Ég hef vald til að leggja það í sölurnar og vald til að taka það aftur. Þessa skipan fékk ég frá föður mínum. „ (Jóh 10:17-18)

Hér kemur fram skír vilji Krists að hann valdi sjálfur að fara á krossinn og deyja þar til að forða öllu fólki frá jafn skelfilegum atburði og eldsdíkínu. Upprisa Jesú er málið og orsök þess og afleiðing að endurtekin og endalaus boðun fagnaðarerindisins á sér stað og minnt á fyrirætlanir Guðs. Það er hið eilífa líf eða eldsdíkíð sem um er að ræða. Þetta er það sem maðurinn stendur andspænis. Nú er tíminn til að velja Jesú.

„ Enginn tekur það frá mér, heldur legg ég það sjálfur í sölurnar. „ - Segir Kristur hér. Krossfestingin var útilokuð nema með hans samþykki. Allt á settum tíma Guðs Föður.

En ekki var nóg að Jesú gæfi út slíka yfirlýsingu um að gefa líf sitt sjálfviljugur. Ákveðin atburðarrás varð fyrst að fara í gang. En hvernig? Hvernig var mögulegt að fá fólk til að vinna annað eins ódæði sem gat komið þessum saklausa manni á krossinn? Já, hvernig skildi málið afgreitt?

Ljóst er að múgæsingu þurfti. Og hvernig má koma slíku af stað? Jú, með því að þekkja inn á eðli mannsins og gera sér grein fyrir því að í holdinu býr ekkert gott. Og hver vissi þetta best allra? Jesú var kunnugt um þetta og einnig óvini sköpunar Guðs. Ekki ímynda ykkur andartak að hann hafi ekki verið þarna með puttann í atburðarrásinni. Með sögum, með orðrómi, um til að mynda óhóflegt og sóðalegt líferni, og allskonar aðrar sögur sem lekið var út til fólksins sem margir trúðu um þennan tiltekna mann. Allt sáðkorn sem af spratt ávöxtur, en samt ekki góður ávöxtur.

Margt var í gangi á sama tíma um Jesú. Þetta vitum við núna. Biblían greinir ítarlega frá atburðarrásinni. Valdagráðug yfirvöld eru tilbúin í ýmislegt þegar kemur að því að verja eigin völd og að beita jafnvel óvönduðum meðulum. Vald myrkursins er ekkert lamb að leika sér við. Að fá fólk til að spila leikinn með sér var yfirvöldum ekki endilega erfitt verk í því ljósi að þegar var uppi nokkur hiti í lýðnum vegna Jesú og verka hans og hver sagði sitt þegar kom að afstöðunni til hans.

Munum að Kristur vær bæði elskaður og hataður af fólki síns tíma. Elskaður af sumum en hataður af öðrum. Menn skiptust í flokka í sinni afstöðu. Svart og hvítt. Sumri sögðu hann góðan mann en aðrir að hann afvegaleiddi menn. Fæstir litu á Jesú sem Son Guðs né þann sem koma átti til bjargar og lausnar öllu fólki og Gyðingunum fyrst allra. Hópurinn sem stóð í gegn var töluvert fjölmennari en hinn sem honum fylgdi. Þetta hefur heldur ekkert breyst. Hve margir ganga á veginum í dag. 5% mannkyns? 10%? Hve margir?

Andstaðan sem þegar var uppi gegn honum var fódrið sem nauðsýnlegt var að hafa til að framhald gæti orðið á og verkinu lokið á krossinum. Andstöðuhópurinn gátu andstaðingarnir svo byggt upp og nýtt sér. Þessi partur skildi notaður. Í hann skildi borið allskonar Gróusögur og lygar um þetta saklausa blóð. Og þessi hópur, þessi partur var á endanum hann sem fór út á göturnar og efndi til upphota og æsinga sem svo fólkið dróst að og var skyndilega orðið þátttakandi í án þess máski í öllum tilvikum að vita sjálft hvað væri raunverulega um að vera og hví það væri lent í miðri hringiðu upphota og átaka. Þetta er leiðin sem syndugt fólk þekkir best og velur oftast er ná þarf fram niðurstöðu í erfiðum málum. Leið átaka, ofbeldis og blóðsúthellingar er niðurstaðan í ófáum tilvikum.

Jesú sagðist sjálfur leggja líf sitt í sölurnar og að engin tæki það frá honum. Ekki var nóg fyrir Jesú að segjast leggja líf sitt í sölurnar ef engin var svo andstaðan og engin hafði löngun til að vinna honum mein. Hvorutveggja var til staðar út í samfélaginu sem Jesú vissi vel um og við sjáum til að mynda hér:

„ Ég tala það, sem ég hef séð hjá föður mínum, og þér gjörði það, sem þér hafið heyrt hjá föður yðar. Þeir svöruðu honum: Faðir vor er Abraham. Jesús segir við þá: Ef þér væruð börn Abrahams, munduð þér vinna verk Abrahams. En nú leitist þér við að lífláta mig, mann sem hefur sagt yður sannleikann, sem ég heyrði hjá Guði. Slíkt gjörði Abraham aldrei. Þér vinnið verk föður yðar. Þeir sögðu við hann: Vér erum ekki hörgetnir. Einn föður eigum vér, Guð. „ (Jóh 8:38-41)

Jesú vissi að yfirvöld sátu um líf hans en hann vissi líka að dauði sinn var eini möguleikinn fyrir manneskjuna til að sleppa undan krumlu syndarinnar og frá valdi dauðanum. Yfirvöld litu málið ekki slíkum augum. Eina sem yfirvaldið vildi var að fá Jesú dæmdan á krossinn og það sem allra fyrst. Því fyrr sem málið endaði þar því betra fyrir þau sjálf. Var Jesú enda í þeirra augum óværa sem brýnt var að losna við. Og margir vilja losna við Jesú og áhrif hans í dag.

Hægt er að horfa á þessa sögu með augum Guðs og sjá lausnarverk og kærleika Drottin til manna og líka augum manna og réttarríkisins og sjá þá morð. Og ekki bara morð heldur réttarmorð og allskonar mannlegt plott og óhæfu sem þurfti. Réttarmorð hvar sem er í veröldinni telst afskaplega alvarlegur gerningur og gildir en í dag. Hvar sem slíkt gerist verður uppi fótur og fit og fjöldagöngur farnar til að mótmæla slíku. Enþá er nefnilega hægt að æsa menn upp og hrekja blinda út í allskonar aðgerðir.

Ekki er samt svo að skilja að Jesú hafi sjálfur sett af stað atburðarrás í þessu máli. Áhaldið sem hann notaði heitir „ Sannleikur. „ Syndin, illska manna og afstaða þeirra byggt á hörðum hjörtum og rangsnúningi er ekki hliðhollt sannleikanum og því aflíð í þessu máli sem sá um rest. Syndin, illska manna og mannlegt

eðli var aflið sem kom Krist á krossinn og takmark Guðs með björgun heimsins náði fram að ganga. Hér virðist allt vera komið á haus en er samt það sem Guð gerði.

Sannleikurinn kom í heiminn og eins og sannleikans er siður þá flettir hann ofan myrkrinu og afhjúpar ranglæti og alla synd sem eins og fyrri daginn vill hylja sig og fela. Eru verk syndarinnar enda fráleitt ljóssækin heldur þvert á móti ljósfælin. Ljósið sem sannleikurinn tendraði varð því að slökkva á snöggan og hraðvirkan hátt. Eða svo töldu þessir menn alltént sem stóðu í gegn og æstu fólkið upp og vöktu andúð á verkum Jesú, jafn góð og þau voru.

Og ýmislegt var reynt:

„ Fræðimennirnir og æðstu prestarnir vildu leggja hendur á hann á sömu stundu, en óttuðust lýðinn. Þeir skildu, að hann átti við þá með dæmisögu þessari. Þeir höfðu gætur á honum og sendu njósnarmenn, er létust vera einlægir. Þeir áttu að hafa á orðum hans, svo að þeir mættu framselja hann í hendur og á vald landstjórans. Þeir spurðu hann: Meistari, vér vitum, að þú talar og kennir rétt og gjörir þér engan mannamun, heldur kennir Guðs veg í sannleika. Leyfist oss að gjalda keisaranum skatt eða ekki? En hann merkti flærð þeirra og sagði við þá: Sýnið mér denar. Hvers mynd og yfirskrift er á honum? Þeir sögðu: Keisarans. - En hann sagði við þá: Gjaldið þá keisaranum það sem keisarans er og Guð þá sem Guðs er. „ (Lúk 20:19-25)

Allskonar svona hlutir voru í gangi og allir til þess fallnir að veiða Jesú. En heimskan veiðir ekki sannleikann í sín net. Sannleikurinn stendur eftir óhaggaður. Enda sannleikur. Jesú kom ekki til brjóta neitt niður nema verk syndarinnar og hvaðeina sem reisir upp veggi á milli Guðs og manns. Eins og syndin reynir og er ópreytandi við. Hroki og margt annað sem menn velja sjálfir að vera í er andstætt vilja Guðs. Við þetta allt og meira til þurfti Jesú að glíma á hverjum degi allan sinn þjónustutíma sem stóð í þrjú og hálf ár. Mennirnir sem leiða skildu fólk Guðs um réttan veg Drottins voru allir gegnsýrðir af harðneskju, trúvillu og mannasetningum. Af öllu þessu fæddist hroki sem var helsta ástæða þess að ómögulegt var fyrir frelsarann að komast að með sinn lífgefandi og uppörvandi boðskap um lausn og lækningu frá synd sem dregur alla menn til dauða. Jesú bíður mönnum að þeir skuli virða öll yfirvöld og við lásam um hér ofar. Þetta undirstrikar svo Páls í 13 kafla Rómverjabréfsins sem margir þekkja og vel er hægt að hvetja menn til að kynna sér sjálfir.

En sannleikurinn lét ekki veiða sig. Þessi leið var ófær. Aðra þurfti því að finna upp. Og voru nú góð ráð dýr. Hvernig mátti stöðva manninn? Ýmislegt hafði verið reynt.

Þá skyndilega eins og hendi væri veifað barst þeim tilboð:

„ Þá fór einn þeirra tólf, Júdas Ískariót að nafni, til æðstu prestanna og sagði: Hvað viljið þér gefa mér fyrir að framselja yður Jesú? En þeir greiddu honum þrjátíu silfurpeninga. Upp frá þessu leitaði hann færís að framselja hann. „ (Matt 26:14-16)

Gat ekki verið betra. Maður úr innsta hring frelsarans búin að gefa sig fram við þá og tilbúinn að vísa þeim á öruggan stað sem mátti grípa hann á.

Tökum eftir einu að í raun og veru er það ekki Júdas sem talar við æðstu prestanna heldur Satan sem nokkru áður hafði farið í manninn með brauðbitanum sem Jesú rétti Júdasí. Sagan segir að Júdas þessi hafi verið óheiðarlegur í hjarta sínu og hirt sjálfur og notað til eigin brúks allt sem í pyngjuna koma. Júdas var af þeirri ástæðu áhugaverður í augum Satans sem merkti sér þennan einstakling sem mögulegt verkfæri til illskuverka. Jesú vissi frá upphafi hver sá var sem myndi svíkja sig. En engin í lærisveinahópnum grunaði Júdas um minnstu græsku. Hann naut fulls trausts í hópnum. Að öðrum kosti er ólíklegt að hann hafi haft pyngjuna ef einhver grunur væri um óheiðarleika mannsins. Syndin, vinir, er stundum vel falinn. Aðeins í Anda Guðs er mögulegt fyrir manninn að sjá við henni.

Vá, hvað sumt fólk getur verið falskt og falið sitt rétta eðli vel. Sannarlega þörfnumst við Jesú.

Loksins núna gátu æðstu prestarnir verið „ rólegir. „ Tími handtökunnar mundi koma. Það var orðið ljóst:

„ Þá kemur Jesús með þeim til staðar, **er heitir Getsemane**, og hann segir við lærisveinana: **Setjist hér, meðan ég fer og biðst fyrir þarna.** „ (Matt 26:36)

Júdas vissi um þennan ákveðna fund þeirra í Getsamane og fór fyrir flokki hermanna sem handtaka áttu Jesú. Þar sem ljóst var að ekki þekktu allir í hermennirnir í hópnum þann sem leiða skildi brott gaf Júdas þeim sitt merki: „ **Svikarinn hafði sagt þeim þetta til marks: Sá sem ég kyssi, hann er það. Takið hann höndum.** „ (Matt 26:48)

Þetta var plottið. Atburðirnir við dómshúsið, afstaða og aðgerðarleysi Pílatus, æðstu presta Gyðinga og hrópin og köllin fyrir utan er efni í marga svona þætti. En þetta þurfti til svo að Kristur hafnaði á Krossinum. Að æsa lýðinn upp og gera heitan var málið. En fyrst varð Jesú sjálfur að gefa sína heimild og fjarlægja varnirnar til að leiðin opnaðist. Sumir kalla þetta englavernd, aðrir vernd Heilags Anda og en aðrir vernd trúar mannsins á Krist. Nokkur nöfn yfir sama verk.

Allir menn sem þjóna Jesú hafa um sig þessa vernd og eru til fjölmargir vitnisburðir frá fólki sem staðfestir þetta. Ljóst er að njóti maðurinn ekki lengur þessarar verndar fer margt að gerast hjá honum og fæst gott. Drottinn dó í mannsins stað og gefur honum allt með sér. Jesú mun aldrei að eilífu heimila Satani aðgang að sínu fólki á neinn hátt. Ekki í eitt skipti. Allt slíkt er útilokað. Opnist leiðin þarna er hún alfarið á ábyrgð mannsins sjálfs sem uggði ekki að sér og lét freistast og féll í faðm skammvinnis syndaunarins í fullum ósigri. Synd leiðir til dauða.

Förum varlega og gerum okkur grein fyrir að því fylgir gríðarleg ábyrgð að vera lifandi manneskja í syndugum og föllum heimi.

„ Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf. Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn, heldur að heimurinn skyldi frelsast fyrir hann. „ (Jóh 3:16-17)

Lifið heil í Jesú nafni. Amen.

Maðurinn er skapaður af Guði.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Ástæðan fyrir að mannkyninu var gefin Kristur er að leið til heljar opnaðist vegna atburðar sem átti sér stað við skilningstréð góðs og ills forðum daga, er syndinni var hleypt inn og Satani tókst að ræna sæti Guðs í mannum. Þetta rán er af andlegum toga en birtist okkur í hinum ýmsu óhæfuverkum sem okkur líkar ekki við og stöndum uppi með.

Syndin er ekkert lamb að leika sér við. Hún ber í sér dauðan. Dauðinn er grafalvarlegt mál sem kemur í gegn sjálfu lífinu sem Guð gaf. Þetta skildu menn íhuga.

Huggunin er að til er von. Með dauða Jesú og upprisu bjargaði hann mínu lífi fyrir trúna á sig. Jesú er svarið.

Manninum var aldrei ætlað að deyja. Dauðinn komst inn við skilningstré góðs og ills sökum óhlýðninnar við það sem Guð hafði talað til fólksins.

Hugsið ykkur! Aðeins tvær manneskjur hrundu af stað ógæfu sem gengið hefur í gegnum alla mannkynsöguna og til vorra daga. Hvílík áhrif af þessari ákvörðun tveggja aumra einstaklinga sem sammæltust um að gera gegn vilja Guðs.

Hefur þetta breyst varðandi manninn og Orð Guðs? Hefur Drottinn slakað á kröfunum þarna? Nei. Orðið stendur og talar síðast. Maðurinn skal beygja sig undir vald þess. Nú eða ganga áfram í óhlýðni. Honum er ekki boðið neitt val, þannig séð. Annaðhvort eða ekki. Línurnar eru skírar.

Á þessu örlagaríka andartaki við þetta tiltekna tré opnaðist fólkinu nýr og háskalegur vegur þeim áður ókunnur sem, að vilja Guðs, þau áttu aldrei að vita um en var samt til staðar. Með öðrum orðum þá var manninum aldrei ætlað að vita nein deili á öðru en því sem var Guðs og hinu góða, fagra og fullkomna. Og var frá upphafi hugsun Guðs með þessa sköpun sína manninn. En maðurinn er hugsandi vitsmunavera með frjálsan vilja. Ákvörðun mannsins og val virðir Guð fullkomlega. Hann hefur ekkert breyst.

Atburðurinn við tréð var mjög alvarlegur. Hann varðaði hvorki meira né minna leiðina fyrir alla afkomendur Adams og Evu. Rétt eins og maðurinn á sér sitt upphaf á syndin líka sitt.

Fyrst kom maðurinn og hann er skapaður af Guði. Svo æddi inn syndin er maðurinn beygði af leið. Hún er ekki vilji Guðs, en hefur þó engin áhrif á hann sem slíkan. Guð er stærri en svo. Syndin eyðileggur eðli mannsins og gerir það vont sem á að vera gott og Drottinn til þægilegs ilms og bogið sem á að vera beint. Í syndinni fer allt á haus.

Spyrja má hvaða vera sé grimmari heldur en maðurinn þegar réttar aðstæður skapast fyrir grimmd hans, tendruð af reiði, gremju, beiskju og biturleika og ýmsum öðrum þáttum. Hún er ekki til. Syndin er ægileg og býr til rjúkandi rústir og endalaus vonbrigði hvert sem litið er. Maður í synd sinni er fjarri kærleika Guðs og því til alls ills vís. Líkt og sagan segir og kennir og dæmin sanna. Við þurfum ekki vitnanna við. Málið er borðleggjandi. Maðurinn þarfnast Jesú til að hafa góða stjórn á sér sjálfum.

Það sem maðurinn missti frá sér við áður nefnt tré opnaði leiðina fyrir hömlu- og stjórnleysi manna og kvenna.

Upphaf mannsins rekjum við ekki til efna í hafinu né furðulegs og óskiljanlegs ferlis úr engu í lifandi mannveru með tilfinningar rökhugsun og annað í þeim dúr heldur til Adams sem Guð skóp af leir jarðar, og svo Evu, sem samkvæmt Orðanna hljóðan var tekinn af rífi mannsins honum til félagskapar. Konan kom eftir að Drottinn sá að manninum leiddist og fann sér ekki neinn alvöru félagsskap í dýrunum sem voru allt í kring. Maður er manns gaman.

Adam fékk konu sér til samfylgdar og er svona mynd upp á hjónabandið og vægi þess í lífi fólks. Sem sagt: Maður og kona í hnapphelduna. (Þetta þarf víst orðið að taka fram.)

Guð skóp manneskjurnar í sinni mynd. Adam og Eva voru eins útlítandi og fólkið sem við sjáum daglega ganga um göturnar í bænum. Engin þróun. Syndin sem kom af völdum óhlýðninnar erfist frá foreldrum til barns og engin kemst undan því að bera í sér frjókorn syndarinnar strax við fæðinguna.

Hver trúir þessu að kornabarnið, sjálft sakleysið sem við hrífumst af, hefur frjókorn sem gerir að verkum að Jesú þarf að komast að til fá endurfætt þessa manneskju og fyrirgefa henni syndina til að fá tekið hana til sín:

„ Menn færðu og til hans ungbörninn, að hann snerti þau. Lærisveinarnir sáu það og átöldu þá. En Jesús kallaði þau til sín og mælti: Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég yður: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn, mun aldrei inn í það koma. „ (Lúk 18:15-17)

Því fyrr sem börnin koma til Jesú því betra fyrir þau sjálf. Að halda þeim frá Kristi er vont og mun koma fram í samfélaginu með ýmsu móti og ekki öllum góðum.

Syndin er höfundur allra lögbrota og hirðir ekki um að gera rétt né vera öðrum til gagns og uppbyggingar. Syndin er enda eigingjörn, miskunnarlaus og rænir manninn vitinu. Já - vitsmununum. Syndin vísur í hjálpræðinu sem Faðirinn sendi jarðarbúum í Kristi. Kristur er vor von.

Þótt börn séu yndislegar manneskjur og auðvelt sé að hrífast af þeim, ærslunum og uppátækjunum, er sannleikurinn sá að ekki eru þau alltaf mjög gömul þegar merki syndarinnar birtast. Furðu fljótt reyna þau að fela mistök sín og komast undan að svara óþægilegum athugasemdum foreldra- og forráðamanna og að verja sig með ósannindum og þræta fyrir að hafa gert það sem þau gerðu. Þetta vita menn. Allt þekkt viðbrögð sem ekki koma neinum á óvart sem umgangast börn. Syndin kemur fljótt fram. Samt er sjaldgæft að sjá börn beita hvort annað harðræði sem menn síðar meir á ferlinum kunna að gera hverjir öðrum er syndin vex ásmegin í fólki.

Syndin þroskast nefnilega með aldrinum og maður án Krists eignast æ harðara hjarta sem eykur virkni syndarinnar. Ástæðan er lífið sjálft, mótlætið og hryssingurinn sem þar ríkir og manneskjan lendir í og kann ekki alltaf að bregðast við.

Vonbrigði, höfnun, öfund, skert sjálfsmynd og endalausar sjálfsásakanir eru gott fóður fyrir synd og verk syndarinnar sem brýst fram í reiðiköstum, þungum hugsunum og að hugsa öðru fólki þegjandi þörfina. Ekkert er sagt en hugurinn er maðketinn og hatandi aðra manneskju. Slíkt ástand er vægt til orða tekið afskaplega slæmt sem mun draga á eftir sér dilk sé ekkert reynt til aðstöðva ferlið.

Mesti ávinningur mannsins er að taka fljótt við Jesú sem fyrirgefur og opnar nýjar leiðir. Hugsunin breytist og maðurinn byrjar að líta fegurðina í kringum sig öðrum augum en mögulegt var á meðan hann er merktur sjálfinu og ég mitt þælingum. Allt sem er illa fengið hverfur frá fólki og það stendur eftir slypp og snautt. Þetta erum við að sjá allt í kringum okkur í dag. Ekki satt?:?

„ Enginn má segja, er hann verður fyrir freistingu: Guð freistar mín. Guð getur eigi orðið fyrir freistingu af hinu illa, enda freistar hann sjálfur einskis manns. Það er eigin girnd, sem freistar sérhvers manns og dregur hann og tælir. Þegar girndin síðan er orðin þunguð, elur hún synd, og þegar syndin er orðin fullþroskuð, fæðir hún dauða. Villist ekki, bræður mínir elskaðir! „ (Jak 1:13-16)

Haldgóð þekking á Orðinu og eftirfylgd vort við Orðið og það sem Biblían boðar forðar okkur frá mörgum harmkvælum. Líkt og margir hafa lent í en þurfti ekki að gerast hjá þeim. Við dæmum engan og ekki heldur þann sem féll, og kannski í synd, heldur gerum við okkur ljóst að það sem varð þeim að fótakefli getur einnig orðið mitt eigið fótakefli. Hroki er að telja sjálfan sig öflugri mann heldur en fólkið sem missteig sig og sumir því miður illa. Þetta vill kenna okkur auðmýkt og trú. Við höfum vítin til að varast.

En hví höfnuðu þeir þar sem þeir lentu? Var það ekki einmitt fyrir þær sakir að þeir urðu ógætnir og hættu að ugga að sér og gleymdu eða vildu ekki lengur stíga varlega til jarðar. Og uppskáru í samræmi við sáninguna og máski af sínum eigin girndarbruna blett á mannorð sitt oft óafmáanlegan blett vegna fyrirgefningarleysis fólksins sem í kring er. Breytir þá litlu þó Kristur sjálfur sé búinn að fyrirgefa fólkinu, sem enda hefur komið fram fyrir hann í iðrun. Guð er ekki maður og sér ekki eftir neinu:

„ Vertu skjóttur til sátta við andstæðing þinn, meðan þú ert enn á vegi með honum, til þess að hann selji þig ekki dómáranum í hendur og dómárin þjóninum og þér verði varpað í fangelsi. Sannlega segi ég þér: Eigi munt þú komast út þaðan, fyrr en þú hefur borgað síðasta eyri. „ (Matt 5:25-26)

Svona er fólk. Það krefst síns réttar og er oft miskunnarlaust og tilbúið að ganga alla leið. Kristur bendir okkur á þetta og hvetur okkur um leið til að reyna allt sem við getum til að ná sáttum. Einmitt til að mál fari ekki á versta veg, sem mun gerast náist ekki fullar sættir.

Og hvað segir ekki Páll:

„ Annars er það nú yfirleitt galli á yður, að þér eigið í málaferlum hver við annan. Hví líðið þér ekki heldur órétt? Hví látið þér ekki heldur hafa af yður? „ (1Kor 6:7) - Hér sjáum við hvað augum þessi stórmikli postuli lítur friðinn og hve mikið vægi hann vill að friðurinn hafi hjá okkur. Sjáið af þessu hvað mörg okkur erum kominn langt frá boðskapnum. Sem og er hluti vandans hjá flestu kristnu fólki og leiðir til kólnandi kærleika.

Í Gamla testamentinu finnum við áþekkan stað sem gaman er að skoða:

„ Hendar yðar eru blóði ataðar og fingur yðar misgjörðum, varir yðar tala lygi og tunga yðar fer með illsku. Enginn stefnir fyrir dóm af því, að honum gangi réttlæti til, og enginn á í málaferlum sannleikans vegna. Menn reiða sig á hégóma og tala lygi, þeir ganga með ranglæti og ala illgjörðir. Þeir krekja út hornormseggjum og vefa kóngulóarvefi. Hverjum sem etur af eggjum þeirra er dauðinn vís, og verði eitthvert þeirra troðið sundur, skriður úr því eiturormur. „ (Jes 59:3-5) Svona leikur syndin fólk.

Talað er um kóngulóarvefi. Hve margir hafa ekki spunið slíka vefi til þess eins að flækja fólk í? Hve mörgum hefur ekki tekist sitt ætlunarverk og fólkið flækst svoleiðis að það á einhverju stigi málsins horfir framan í sjálfan dauðan? Og hvað eru innflytjendur og sölumenn fíkniefna annað en kóngulóavefarar þegar þeir bjóða saklausum börnum og reynslulitlum unglingum, og hverjum sem er, þessi varsömu efni sín sem gerir fólkið á örskotstund háð þessum háskalegu efnum sem líkaminn hrópar vægðarlaust á eftir að hafa ánetjast? Er þetta fólk ekki flækt í vef sem aðrir spunnu? Og hvað skriður út úr þessu þegar fíknin hefur tekið yfir annað en háskalegur eiturormur sem bítur og margir í kring líða vítiskvalir fyrir? Eins og aðstandendur fíkilsins, að dæmi sé tekið.

Bræður og systur! Jesú er með lausnina. Hann losar fólk úr kóngulóarvefjum og snörum sem herðast að.

Vegna óhlýðni fólks við vilja Guðs er sama sagan endurtekin. Óhlýðnin hefur alltaf tjón í för með sér. Ráðið sem höfundur gefur er að fólk fylgi Kristi, sé heiðarlegt og elski Jesú af öllum huga og hjarta.

Vegferð syndarinnar hófst í aldingarðinum Eden og ástæðan fyrir að Guð varð að vísa manneskjunum út úr þessum fallega garði og inn í darraðadans syndugs líferniss sem maðurinn sjálfur valdi að vera í. Takið eftir þessu. Val vinir val. Rangt val. Rétt val. En samt val. Hversu erfitt sem það hefur verið honum að vísa manningnum svona frá sér var samt ekki um neitt annað fyrir hann að gera. Syndin getur ekki fengið rúm hjá Guði. Slíkt er algerlega útilokað. Guð hefur ekki breytt sér. Orð hans standa. Vegurinn sem opnaðist við skilningstréð lauk upp áður óþekktum vegi og sá vegur, stundum nefndur Breiði Vegurinn, endar á helslóð sem Guð vitaskuld gat ekki leyft manningnum að arka blindum eftir og hlaut þar af leiðandi að gera sitt í málinu. Svar hans er Kristur og Orðið sem gekk út af munni hans og sumir lærisveina hans rituðu upp eftir honum og Páll í krafti Heilags Anda, Pétur, Jóhannes og fleiri góðir menn skráðu í krafti sama Anda. Og til varð Biblían eins og við þekjum hana í dag.

Bræður og systur! Við þurfum að hlusta og leyfa Anda Guðs að lagfæra þar sem þörf er og kveinka okkur ekki þótt sumt valdi sársauka og við vitum ekki hvaðan stormurinn standi á okkur. Orðið sker en græðir líka. Lækningin kemur, ef við gefumst ekki upp áður en hún hefur lokið verki sínu:

„ Og þér hafið gleymt áminningunni, sem ávarpar yður eins og syni: Sonur minn, lítilsvirð ekki hirtingu Drottins, og lát ekki heldur hugfallast er hann tyftar þig. Því að Drottinn agar þann, sem hann elskar, og hirtir harðlega hvern þann son, er hann að sér tekur. Polið aga. Guð fer með yður eins og syni. Hver er sá sonur, sem faðirinn ekki agar? „ (Heb 12:5-7)

Hér er gríðarlegur leyndardómur á ferð sem mikilvægt er fyrir hinn trúaða að skilja og líka vilja. Aginn í Guði er mikilvægari en flestir gera sér grein fyrir. Í aganum vinst og lærist margt sem að gagni er. Í aganum lærum við þolgæði sem gerir okkur rólegri er á móti blæs og allt virðist ætla að keyra um koll í lífinu. Í aganum veikumst við ekki heldur styrkjumst og leggjum sífellt meira traust á Drottin, sem öndvert eykur okkur trú. Og trúin verður að haldreipi í lífinu. Í aganum lærum við að halda æ fastara utan um fyrirheitin í Biblíunni. Á endanum er svo komið að ekkert fær okkur til að gefa tommu eftir né slaka neitt á hvað trúna áhrærir og Orð Guðs. Allt vegna þess að við þöldum aga og gengum í gegnum þrautirnar sem því fylgir að læra aga og tileinka sér aga. Síðar meir gefur hann sína ró og við fyllumst þakklæti fyrir að hafa þraukað vörn ögunartíma. Sem oft var strembinn vel þess virði. Og í rónni fengum við tóm til að ígrunda Orðið betur en áður var og margt annað sem tilheyrir lifandi Guði og gerum vonandi oftast það sem rétt er í augum Guðs. Sem ávallt er til blessunar. Allt vegna þess að við þöldum agann. Endurtek: Þöldum agann.

Hluti vandans í dag er aukið agaleysi fólks og virðingarleysi fyrir öllu sem annarra er og enn ein afleiðing af syndavitund fólksins. Eignarétturinn er æ sjaldnar virtur og efnt er til láta og óeirða oft af minnsta tilefni. Kannski til að fá útrá fyrir svokallaða reiði. Í hasarnum sem af kann að hljóttast magnast þessi reiði og yfirfærast í háskalegt vopn og skelfilegar aðstæður sem engu eyrir. Menn virða ekki leikreglur og kalla

allskonar óáran bæði yfir sig sjálfa og annað fólk. Gömul vinátta brestur því að hún er ekkert ræktuð og fjarar því út sem engin þörf var á. Hjónabönd bresta af sömu ástæðu og margt annað eyðist einnig og verður að engu sem eitt sinn var góðu lagi en hætti að vera það og breyttist bastarð, stanslaus kvöl og armæðu. Kærleikurinn kólnar og aginn er ekki til staðar í einu né neinu né heldur er sótt í leiðsögn hjá honum sem getur breytt svo miklu til góðs í lífi manna og kvenna og minnt menn á svo margt sem verður þeim og öðru fólk til góðs.

Margt brestur í lífi fólks. Það eitt og sér er ákveðið fóður fyrir aukið miskunnarleysi og harðneskju sem fer eins og menn vita vaxandi í mannheimum. Og menn skilja oft á tíðum ekki neitt í neinu og hví svo er komið. Eina sem þeir vita er að ástandið er með þessum hætti sem hægt og sígandi sigldi inn án þess að menn tækju mark á né gerðu neinar athugasemdir né fyrirbyggjandi ráðstafanir. Allt látið fljóta á meðan fært er án oft á tíðum neinnar fyrirhyggju.

Allt á sér sínar eigin rætur og sitt eigið upphaf. Og vissulega vill margt fólk leita rótanna en fer ósjaldan í austurátt þegar ræturnar eru í vesturátt. Ræturnar, sem gefa af sér svo mikið eitur, eru sprottnar af syndinni sem hér er og grasserar í lífinu. En orðið synd á ekki upp á pallborð umræðu dagsins og hefur svo lengi verið. En það eitt og sér fær samt ekki breytt veruleikum. Syndin er staðreynd og skaðvaldur sem einvörðungu hverfur í Jesú.

Þetta meðal annars er ástæðan fyrir að trúboðar og aðrir góðir Guðsmenn halda áfram að úrbreiða Orð Guðs. Þetta fólk veit að lausn mannsins er í Jesú.

Til að öðlast lækningu þarf komast að rótunum og grafa niður að þeim og slíta upp og eyða. Þá fyrst hætta ræturnar að gefa manninum sinn beiska safe. Á meðan ræturnar liggja áfram ofan í moldinni láta þær ekki af að framleiða sitt, hvort sem er beiskt eða sætt, ferskt eða bragðvont og óætt. Allt eftir því hverju sáð var á sínum tíma. Í eðli róta er að framleiða sitt og þær láta ekki af sinni framleiðslu fyrir heldur en til aðgerða er gripið, þar sem þörf gerist:

„ Gott tré getur ekki borið vonda ávöxtu, ekki heldur slæmt tré góða ávöxtu. Hvert það tré, sem ber ekki góðan ávöxt, verður upp höggvið og í eld kastað. Af ávöxtum þeirra skuluð þér því þekkja þá. „ (Matt 7:18-20)

Hvað er verið að fara hér? Hér er verið að tala um Krist annars vegar og syndina og verk syndarinnar hins vegar. Hið góða sem hér er nefnt er í Kristi og sýnilegt öðrum fyrir trú mannsins. Ávextirnir eru sannir ávextir og þá sér fólk í mínu fari og þínu fari og langar sjálft til að eignast slíka ávexti í eigin lífi. Ávextirnir skrökva ekki að nokkrum manni heldur afhjúpa þeir hvernig maðurinn lifir.

Hverskonar lífi erum við að lifa? Endurspeglar lífið trú okkar á Jesú eða verk syndarinnar sem heimurinn hrærist í og leiðir til dauða? Trúin og eftirfylgnin við Jesú er góða tréð sem þarna er nefnt sem getur ekki gert neitt nema gefa af sér góðan ávöxt.

Ástæðan er bara ein. Tréð at tarna er gott og tekur næringu úr góðri og gróskumikilli mold. Frá rótunum streymir ferskur safi. Slíkt tré er eftirsóknarvert að eignast og það geta allir menn líka gert.

Útilokað er að finna tréð hvar sem er. Vantrúin er ekki með það. Ekki heldur hinir ýmsu guðir sem maðurinn hefur búið sér til hvort sem er úr úthöggnu tré eða meitluðu og tilsniðnu grjóti eða guðirnir séu svona meira faldir og heiti máski fjarmagn, eignir, verðbréf og auðæfaoflæti. Margt kemur til greina þegar nefna skal guði gerða af manna höndum. Ávöxturinn, sem ekki var góður heldur vondur, mun koma upp um þá alla sem einn. Góða tréð finnum við ekki þarna þótt svo kunni að vera við fyrstu sín. Margt glóir á í heiminum sem reyndist hégóminn einn. Enda syndarinnar talsýn:

„ En er konan sá, að tréð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún af ávexti þess og át, og hún gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. Þá lukust upp augu þeirra beggja, og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fíkjviðarblöð og gjörðu sér mittisskýlur. „ (1Mós 3:6-7)

Syndin komst í heiminn og útilokað er að hún hverfi þaðan aftur nema með ráðstöfunum Guðs. Með syndinni kviknaði og lifnaði girnd mannsins. Þetta sjáum við er fólkið skyndilega uppgötvaði eigin nekt og nekt hins aðilans. Áður voru þau saman alla daga án þess að nektin sem slík truflaði þau neitt. Enda hreinleikinn enn í för með fólkinu og ekkert ljótt né illt til í vitund þeirra. Hugurinn og hjartað hreint og sömuleiðis allt fas mannsins. Við sjáum hérna af hvað meiði girndin er. Hún býr í holdi mannsins og vaknaði með syndinni og syndavitundinni og er virk og sérstakar gætur þarf að hafa á til að ekki fari illa. Og hve oft hefur ekki illa farið vegna grindar- og girndarbrunnans? Í Kristi má stjórna girndinni og slökkva hana. Girndin er bál sem kviknar og logar innra með fólki. Bál sem kemur við ákveðnar aðstæður. Eins og allt klám áhorf, og ýmsan svoleiðis sora. Allt slíkt kveikir upp bál girndarinnar. Kristinn maður taki slíka hluti burt af heimili sínu og úr hjarta sínu. En einmitt þar, það er í hjarta fólks, vill girndin helst hreiðra um sig. Í hjartanu liggja þræðir sem fá stjórnað vilja manneskjunnar. En hún á að drottna yfir syndinni en ekki syndin yfir henni.

Jesú og Jesú einn er von mannsins. Verum hugrökk og vitum að Jesú elskar og vill að allir eignist lifandi trú á sig. Amen.

Reiði manns er háskaleg.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Því fylgir ákveðið, sumir mundu segja baggi, að vera manneskja. Aðallega fyrir þær sakir að hún er búin allskonar þáttum, kenndum, fýsnum og hneigðum sem hún ræður oft svo illa við í lífi sínu.

Neikvæðar tilfinningar og hugsanir og allskonar svoleiðis þættir koma upp og gera henni lífið erfitt. Oft er miklum vandkvæðum bundið að losa sig við þetta og afgreiða út af borðinu og losa sig frá þessu. Óheppilegar hugsanir hafa tilhneigingu til að sækja ítrekað á hugann og að pompa upp í tíma og ótíma. Einu má heldur ekki gleyma þegar rætt er um svona mál að hugsjúkur maður eða hugsjúk kona leitast ekki endilega við sjá hið sanna og rétta í hverju máli heldur það sem hentar eigin hugsýki. Og eins og ávallt áður þegar sannleikans er ekki leitað koma niðurstöður sem að lokum, sé ekkert að gert, sannfæra manninn um að tvisvar sinnum tveir séu ekki fjórir heldur fimm. Sannleikurinn nær ekki festu né fær sinn afmælda bikar og komst því ekki að sökum neikvæðinnar sem greip manneskjuna og er svona einn angi þunglyndis, sem margir eru hrjáðir af í dag og er vaxandi heilbrigðisvandamál í vestrænum ríkjum.

Hugurinn er stærsti og erfiðasti þröskuldurinn í glímunni við eigin neikvæðu tilfinningar. Þetta þekkja allir menn því að allir eru með tilfinningar sem ráða miklu í daglegu lífi. Engin maður fær sloppið við að stíga sín glímuspor og glíma glímu harða og langdregna við hugsanir sínar. Hvort sigur vinnist fer eftir því hvað hefur verið lagt í undirstöðurnar og hvort þær haldi þegar á hólminn er komið eða allt brestur og bætir þá gráu ofan í svart hjá viðkomandi einstaklingi. Við þurfum að byggja allt okkar líf á Jesús og Orðunum sem hann hefur talað. Hann veit hvað hann syngur og Orð hans eru lækning fyrir anda mannsins og líkama:

„ Vér brjótum niður hugsmíðar og allt, sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði, og hertökum hverja hugsun til hlýðni við Krist. „ (2Kor 10:5)

Hér kemur Páll postuli inn á þetta mál sem hér er rætt um sem segir okkur að þungar hugsanir og jafnvel hugsanavilla manna er ekkert nýtt. Páll kemur inn í málið með orð Guðs. Orðið lækna og leysir manninn frá öllu sem plagar og íþyngir. Orðið kom til að gera manninn frjálstan og leið út úr hverskyns böli. Hvað er það annað en böli að læsast inn í eigin vondu hugsunum og láta tilfinningar sínar afvegaleiða sig?

Allir menn þekkja þetta á eigin skinni og geta auðveldlega sett sig í spor þessara glímumanna og glímukvenna sem liggja afvelta í vegkantinum og utanvegar í sínum innri átökum.

Fólk glímir við eigin skapgerðarbresti eða skapgerðabresti annarra manneskja sem það þarf að umbera og þola og búa við, lygar, afprýðisemi, allskonar fíknir og girndir. Allt eru þetta þættir í mannheimum sem flokkast undir neikvæðar tilfinningar. Stríðnispúkinn vill ekki fara. Í eðli stríðnispúkans er að hann vill skemmta sér á annarra kostnað. Margt í kringum okkur og í okkur sjálfum vill kveikja á þessum tilfinningum og af stað fer ferli sem engin veit raunar hvar endar. Oft þekkjum við aðstæðurnar og séum við á varðbergi þurfa þessar neikvæði tilfinningar ekki að kvikna með okkur. Við höfum svolítið vald þarna. Spurningin, eins og alltaf, er hvað við gerum og hvað við viljum gera í málinu og hvaða þekkingu á viðfangsefninu við höfum aflað okkur sem gangast okkur sjálfum.

Sumir gera sér grein fyrir þessu í eigin fari og gera ráðstafanir sem jafnvel leiðir til þess að tilfinningar ná ekki að verða neikvæðar í þeim. Aðrir sjá þetta ekki og eru því blindir á þessa þætti sína og þurfa einn ganginn enn að glíma sína glímu umvafðir myrkri, eynd og volæði. Hugsýki merkir sama og eynd og volæði.

Þetta, og vitaskuld margt, margt fleira, fylgir því að vera lifandi manneskja sem burðast með tilfinningar og lætur kenndir og fýsnir sínar ná á sér tókum sem hún svo stjórnast af.

Ein af þessum tilfinningum er reiði. Óbeisluð reiði er stórhættuleg og samfélaginu háskaleg samankominn á einum stað. Í reiðinni grípa menn til óyndisúrræða sem vel getur fylgt þeim eftir ævina á enda sé hún ekki stöðvuð í tæka tíð og áður en verk reiðinnar hefur verið unnið með kannski hræðilegum afleiðingum. Eftir það verður ekki aftur snúið og reiðiverkið orðið staðreynd fyrir manninn. Hversu margt fólk er ekki á bak við lás og slá í dag vegna reiðkasts sem yfir það kom og augnabliks æði rann á það? Hversu margt skildi það fólk vera? Reiðin, vinir, er ægilegt vopn.

„ Vitið, bræður mínir elskaðir: Hver maður skal vera fljótur til að heyra, seinn til að tala, seinn til reiði. Því að reiði manns ávinnur ekki það, sem rétt er fyrir Guði. Leggið því af hvers konar saurugleik og alla vonsku og takið með hógværd á móti hinu gróðursetta orði, er frelsað getur sálir yðar. Verðið gjörendur orðsins og eigi aðeins heyrendur þess, ella svíkið þér sjálfa yður. „ (Jak 1:19-22)

Hér talar Drottinn skírt til mannsins um hvaða augum hann lítur reiðina og segir berum orðum að maðurinn ávinni sér ekkert í reiði sinni, í sínum augum. Sannleikurinn er að reiðin blindar manninn og getur orsakaða að hann verður upptekinn, já, gagntekinn, af sinni reiði. Allar hans hugsanir eru reiði og dagleg framganga hans er reiði, samanbitnar varir og krepptir hnefar. Reiðin hreiðrar um sig í hjartanu og fær æ meira rúm í manninum snúi hann ekki blaðinu við. Sem hann vel getur gert. En til þess þarf hann fyrst að vakna og horfast í augu við sína reiði og viðurkenna hana sem eitthvað hjá sér sem hann vilji ekki. Besta og máski eina virka meðalið við reiði er að fyrirgefa. Reiði manns er eðlilegt fyrirbæri en henni er einnig hægt að stjórna og hemja og hindra í að ryðjast fram með offorsi og látum. Reiðin er ein af tilfinningum mannsins sem ef ekki er gripið í taumanna á mun ráðskast með hann og taka í versta falli af honum völdin. Munum samt að það að reiðast er fullkomlega eðlilegt. Að láta reiðina ná á sér tókum og framganga í sinni reiði óbeislaðri er óeðlilegt og hið háskalega í málinu og þess valdandi að reiði manns umbreytist í ægilegt vopn og gerir rólyndis samfélög að hreinu og kláru helvíti þar sem eldar loga og þjófnaðir eiga sér stað og mölbrotnar rúður eru út um allt saman við og innaum æpandi og öskrandi fólk á harða hlaupum undan laganna vörðum. Eins og á sér stað þar sem til að mynda uppþot eru í gangi á götum úti.

Kristur þekkir þetta og veit hvers vegna reiðin nær manninum svo oft undir sitt vald. Manninum var nefnilega aldrei ætlað að standa í þessu einum og óstuddum og án atbeina hans sem skóp og gerði manninn heldur með honum og undir hans vernd og varðveislu. Það breytir öllu og gerir enn að hafa Jesús með sér sem leiðtoga síns lífs. En þessu höfnuðu forvera alls mannkyns við skilningstré góðs og ills, líkt og getið er um í upphafsköflum Biblíunnar, í fyrstu Mósebók og hver sem er getur kynnt sér sem áhuga hefur. Þá myndaðist holrúm í hjartanu og tilfinningar mannsins blossuðu upp og urðu neikvæðar með sínum oft slæmu afleiðingum

fyrir manneskjuna sjálfa. Alveg er sama hvernig menn vilja horfa á málið er niðurstaðan ávallt hin sama. Við þörfnumst Jesú.

Skoðum vers í ritningunum sem sýnir ágætlega hversu háskaleg óbeisluð reiði getur orðið:

„ Síðan lukti hann aftur bókinni, fékk hana þjóninum og settist niður, en augu allra í samkundunni hvíldu á honum. Hann tók þá að tala til þeirra: Í dag hefur rætst þessi ritning í áheyrn yðar. Og allir lofuðu hann og undruðust þau hugnæmu orð, sem fram gengu af munni hans, og sögðu: Er hann ekki sonur Jósefs? En hann sagði við þá: Eflaust munuð þér minna mig á orðtakið: Læknir, lækna sjálfan þig! Vér höfum heyrt um allt, sem gjörst hefur í Kapernaum. Gjör nú hið sama hér í ættborg þinni. „ (Lúk 4:20-23)

Jesús talar við mikinn fjölda manna og kvenna og fólkið hrýfst af orðum hans og heillaðist, eins og sagt er, upp úr skónum með því sem það heyrði. En Adam var ekki lengi í paradís. Skoðum það aðeins betur:

„ En satt segi ég yður, að margar voru ekkjur í Ísrael á dögum Elía, þegar himinninn var luktur í þrjú ár og sex mánuði, og mikið hungur í öllu landinu, og þó var Elía til engrar þeirra sendur, heldur aðeins til ekkju í Sarepta í Sídonlandi. Og margir voru líkþráir í Ísrael á dögum Elísa spámanns, og enginn þeirra var hreinsaður, heldur aðeins Naaman Sýrlendingur. Allir í samkunduþúsínu fylltust reiði, er þeir heyrðu þetta, spruttu upp, hröktu hann út úr borginni og fóru með hann fram á brún fjalls þess, sem borg þeirra var reist á, til þess að hrinda honum þar ofan. En hann gekk gegnum miðja mannþröngina og fór leiðar sinnar. „ (Lúk 4:25-30)

Hér hefur alger umbreyting orðið í röðum áheyranda. Í stað lofsöngs áður er húsið skyndilega orðið fullt af reiðu og heiftúðugu fólki sem tilbúið er að fremja óhæfu í sinni reiði og myrða saklausa manneskju. Hvað varð um allan fagnaðarkliðinn sem áður fór um þennan sama sal? Hvað varð um alla aðdáunina? Þetta tvennt er alltént ekki sjáanlegt þegar hér er komið sögu heldur myrkar hugsanir sem reiðin hefur búið til í hjörtum viðstaddra. Á örskotstund, augnabliki, varð gríðarleg umbreyting í þessum sal. Þetta er einkennilegt en segir okkur margt um mannlegt eðli og hvernig við, allt fólk, erum samansett og gerð. Allt sökum þess að við meðtökum ekki vort eigið hjálpræði né heldur fylgjum honum sem vill leiða okkur um réttan veg blessana og kærleika. Aftur getum við farið til upphafsins og staðsett okkur við skilningstré góðs og ills þar sem höggormurinn var með sinn fagurgala og háskalegu lygi: „**Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?**“ (1Mós 3:1)

Þarna byrjaði syndasaga og syndaferill manneskjunnar sem orsakar til að mynda alla þessa reiði sem í mannshjartanu býr sem stafar fyrst og fremst af hennar eigin tregðu til að fyrirgefa náunganum yfirsjónir hans. Og kennir svo öðrum um eigin ófarir og skakkaföll og en er sjálfur frír og hreinn af öllu saman:

„Annað er þessu líkt: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Á þessum tveimur boðorðum hvílir allt lögmálið og spámennirnir. „ (Matt 22:38-40)

Í versinu í Lúkasarguðspjalli sem við lásum á undan þessu, og tókum nú vel eftir, er talað um að allir viðstaddir hafi fyllst reiði. Og þegar Biblían segir „ allir „, merkir það að engin inni sé undanskilinn. Ekki einn. Biblían er nákvæm í lýsingum sínum af atburðum og öll smáatriði þar sem við á eru dregin fram. Allt þetta samankomna fólk í salnum var sama marki brennt og allt samtaka um að hrekja hann að bjargbrúninni og kasta framaf. Sem útilokað var að Jesús mundi lifa af. Maðurinn skildi tekin af lífi. Aftaka án dóms og laga var framundan. Ekkert annað var í pípunum.

Reiðin vinir var þarna tilbúinn til að fremja morð vegna Orðanna sem Jesú talaði til þeirra. Orða sem stungu viðstadda í hjörtun en voru þó fráleitt nóg til að kveða upp dauðadóm yfir honum. Og ennþá er reiði mannsins

tilbúin til að ráða manna og annan af dögum án þess að fyrst að leita hvað rétt sé og rangt í málum. Reiðin er enn við sama heygardshorn og áður. Hún breytist ekki. Orð Jesús stungu samtíðarmenn hans í hjörtun og framkölluðu í þeim alla þess gríðarlegu og banvænu reiði sem umbreytti gleðinni í andhverfu sína og morðóðar manneskjur á örskotsstund. Hreinskilnislega sagt. Þetta var bara það sem gerðist. Við sjáum þetta sjálf ef við lesum Orðin sem hér er vitnað til. Hér ekki verið að ýkja neitt.

Mitt í öllum þessum hamförum og moldvirði sem þarna er þyrland upp komum við auga á stórkostlegt kraftaverk og hið ótrúlega og reyndar ómögulega gerast er Jesús gekk mitt á meðal fólksins sem fór með hann til fjallsbrúnarinnar til að taka líf hans og átti einvörðungu eftir að stjaka við honum þarna á brúninni til að hann hrapaði niður í grjótið fyrir neðan. Reiði fólksins var komin með hann alla leið. En núna bara vikur þetta sama fólk fyrir honum, eða réttara sagt krafti hans, og myndar götu með skjóleggjum til sitt hvorar handar sem hann fer eftir eins og ekkert hafi í skorist.

Sjáum við ekki kraftaverkið? Sjáum við ekki hönd Guðs að verki í þessum hræðilegu og vonlausu aðstæðum sem Jesús er í og hvernig hann breytti öllu í blessun fyrir hann og líka fólk sem með honum var? Ekki hefði verið skemmtilegur baggi að bera fyrir neinn sem þarna var þegar af honum brá og menn gera ljóst að hafa orðið manni að og með í að taka saklaust blóð. Svona er stjórnlaus og hömlulaus reiði í verki. Einvörðungu blindur maður sér ekki kraftaverk í aðstæðunum. Enda morgunntært.

Þetta er alveg ótrúlegt og segir okkur berum orðum og með alveg skírur hætti að Jesús ræður yfir öllum kringumstæðum og að ekkert gerist sem hann sjálfur vill ekki að eigi sér stað í mannheimum. Atburðurinn er líka ágætur vitnisburður um það að engin maður né nokkurt afl sem í heiminum er til sem getur gert Jesús mein. Þetta undirstrikar að útilokað var að hann yrði handtekin af breyskum mönnum og negldur á krossinum nema með hans eigin samþykki. Jesús er gefið vald yfir sérhverri tign og valdi. Það sem við urðum vitni að þarna á bjargbrúninni er gleggsta sönnunin að Jesús er allt vald gefið á himni og á jörð af sjálfum Föðurnum, skaparanum sem allir þræðir lífsins á jörðinni liggja til.

Hér erum við kominn að afskaplega merkilegri hugsun sem styður og styrkir vora trúargöngu og hvetur okkur til dáða og verka á akri Guðs sem er hvítur til uppskeru en verkamenn fáir. Jesús hefur nefnilega ekkert breytt sér og hefur enn þetta sama vald og kom fram þarna á fjallsbrúninni. Vald sem hann gefur okkur með sér sem þjónum honum í dag. Ekkert hefur breyst. Og ef við notum valdið sem við eigum og höfum fullan aðgang að í Jesús komust við þangað sem Jesús vill senda okkur og svo heim aftur án þess að hafa hlotið skrámu. Eins og Jesús hafði, og við lásum um áðan, þá höfum við þetta líka. En allt slíkt krefur okkur um trú og að treysta honum sem vann fullnaðarsigur á sérhverri tign.

En hvað viljum við? Vera áfram undir valdi vorra eigin neikvæðu tilfinningum eða hans sem er gegnumgangandi kærleikur sem elskar og fyrirgefur og hvetur okkur til hins sama?

Já, maðurinn missti taktinn við lífið á aldingarðinum Eden á sínum tíma og býr ennþá við allar þessar virku og neikvæðu tilfinningar með sínum ósköpum og horfir upp á að fari vaxandi í mannheimum. Allt vegna þess að kærleikur flestra manna og kvenna fer kólnandi og kirkjan kannski er ekki að standa sína vakt sem skildi og hrópa til manna um að gera iðrun því tími endurkomu Drottins sé í nánd. Sem hann vissulega er.

Of mikil hálfvelgja er innan hennar raða og of margir sem enn sitja á girðingunni sem enn hafa ekki valið hvoru megin þeir vilji vera. Og á meðan svo er má ekki búast við þeim lækningum og kraftaverkum sem kirkjan er boðberi fyrir og er fær um að gera í krafti trúarinnar og Orð ritningarinnar kveða á um og við lesum að Jesús hafi gert í stórum stíl þann tíma sem hann starfaði á jörðinni og svo lærisveinarnir eftir honum í frumkirkjunni. Málið er að fyrir trú gerast hlutirnir. Og þá skipta umbúðirnar engu máli eða flutningurinn. Aðeins trú sem hefur hreiðrað um sig í hjarta manneskjunnar ræður þar úrslitum og hefur ævinlega gert. Ég og Jesús saman í deginum er allt málið.

Bræður og systur! Fyrir trú gerast kraftaverkin. Mína trú og þína trú.

Drottinn blessi þig og varðveiti nú og ævinlega. Amen.

Sigur yfir skertri sjálfsmynd

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson trúboða

Afköst er nokkuð sem allir vilja sjá hjá sér. Að láta að sér kveða og um sig muna er líka nokkuð sem kitlar og er líka hlutskipti margra en fráleitt allra. Málið er að skortur á sjálfsöryggi hindrar margna menn í að sjá sjálfan sig réttum augum. Og vegna rangrar sjálfsmyndar sem skertist og beið hnekki af kannski lítilli uppörvun og stöðugum aðfinnslum, oft tilkomnar af öfund þeirra sem ummæli gefa, dregst maðurinn inn í skel sína og lítur sjálfan sig smáum augum og getulítinn og hefur ekki þor til að tjá sig.

Stöðugt tal um að maðurinn sé heimskur og viti ekkert í sinn haus og geri ekkert rétt er til þess fallið að fólk dregur sig smá saman inn í skelina og fer sjálf að trúá þessum lygum um sig. Allt tal um að manneskjan sé ófríð og ólögulega vaxinn og þar fram eftir götunum og að engin muni líta við henni hefur sama tilgang og er neikvæð og lýjandi umræða með sinn afleita dilk á eftir sér. Einnig þetta færir manninn loks inn í skel. Allt lygar djöfulsins sem nýtur þess að sjá manneskjuna beygða og beyglaða og gerir hvað sem hann getur til að svo sé alla daga lífs hennar. Enda hér til að stela, slátra og eyða. Það er hans eini tilgangur og markmið. Höfum það hugfast.

Við eigum að hætta að skemmta skrattanum með orðum okkar og athöfnum og snúa okkur heils hugar til Drottins Jesú sem sér möguleika og hæfileika í hverri manneskju sem lifir og hrærist á jörðinni sem hann vill bæta til að hæfileikarnir verði ennþá magnaðri og fleiri góð verk komi fram. Sjái menn engan mun þarna þarf Drottinn sannarlega að komast að og opna augu manna.

Fólk er til margra hluta brúklegt. Engin er ónytjungur sem ekkert kann né heldur getur. Allir geta lært, allir geta gert betur, öllum eru gefnir hæfileikar og sumum stórkostlegir hæfileikar sem gleðja og gagnast mörgum. Samanber tónlistarmaðurinn sem leikur og syngur lög hvort sem er eftir sjálfan sig eða aðra. Í mörgum tilvikum gleðjast milljónir og aftur milljónir manna út um allan heim af söngnum og heillast af. Margri heillast af frábærum leik leikarans sem túlkar sitt hlutverk undursamlega. Sama gildir um íþróttamanninn með frábært vald á íþróttinni sem hann er þátttakandi í og stundar með hjartanu og af kappi. Rithöfundar gleðja margna með verkum sínum. Sama gildir um margna aðra sem gleðja á opinberum vettvangi með birtingu verka sinna. Hugsíð ykkur slíka frábæra hæfileika fasta inn í skel sem maður hefur falið sig inn í og kemst ekki út úr. En slíkt er þó hlutskipti margra og heitir þá skert sjálfmynd sem trúir því að það sem hann er fær um sé ekki nógu gott og að engin muni vilja líta við því hjá honum eða henni. Og hæfileikar mannsins geta ekki nýst hvorki mannum sjálfum né nokkrum öðrum manni. Allt líf mannsins enda merkt þessari andstyggilegu skertu sjálfsmynd sem kom vegna orða sem særðu og meiddu og fengu manneskjuna að lokum inn í sína skel þar sem hún hírist bundin í sinni neyð.

Til að nýtt geti gerst þarf maðurinn fyrst að koma sér út úr þessari skel og horfa á sjálfan sig með augum Drottins sem öndvert mun ljúka upp augum sem svo lengi hafa verið haldin og barin niður með blekkingum og óviðurkvæmilegra orðum sem gripu manneskjuna sínum hjartökum en voru þegar upp var staðið lygin ein.

Flest fólk sem á annað borð dregur sig inn í eigin skel gerir það vegna ónógrar hvatningar og stöðugar neikvæðra aðfinnsla í sinn garð. Aumingi, ræfill og orð af svipuðum toga gera ekki mikið gagn í uppbyggingu manna og kvenna. Þetta er sannleikur sem Drottinn vill að maðurinn viti um og geri sér grein fyrir og umfram annað hætti að viðhafa í eyru fólks. Trúaður maður sem þekkir Jesús gætir orða sinna í viðurvist annarra:

„ Ef vér leggjum hestunum beisli í munn, til þess að þeir hlýði oss, þá getum vér stýrt öllum líkama þeirra. Sjá einnig skipin, svo stór sem þau eru og rekin af hörðum vindum. Þeim verður stýrt með mjög litlu stýri, hvert sem stýrimaðurinn vill. Þannig er einnig tungan lítill limur, en lætur mikið yfir sér. Sjá hversu lítill neisti getur kveikt í miklum skógi. Tungan er líka eldur. Tungan er ranglætisheimur meðal lima vorra. Hún flekkar allan líkamann og kveikir í hjóli tilverunnar, en er sjálf tendruð af helvíti. Allar tegundir dýra og fugla, skriðkvikindi og sjávardýr má temja og hafa mennirnir tamið, en tunguna getur enginn maður tamið, þessa óhemju, sem er full af banvænu eitri. „ (Jak 3:3-8)

Hér bendir Biblían okkur á að þetta litla líffæri upp í okkur veldur oft miklum harmkvælum í lífi fólks og er eitt stórt vandamál sem mannkyn allt glímir við. En og aftur getum við gripið til orða Biblíunnar til að öðlast fræðslu til leiðréttingar og bættis mannlífs. Engin notfærir sér þó þetta með réttum hætti nema sá einn sem er endurfæddur og kominn með gjöf Heilags Anda og trú á hinn upprisna Drottinn í hjarta sitt sem eftir það hnippir í manninn þegar tungan vill hafa uppi ógætilegt orðbragð. Með endurfæðingunni kemur líka kærleikurinn sem gerir manninum kleyft að fyrirgefa í hjarta sínu og að horfa fólk með augum Drottins. Já alla menn. Sama hvað þeir áður hafa gert. Kærleikurinn hylur fjölda synda. Hve margir syndga ekki einmitt með því sem þeir segja:?

„ Allir hrösum vér margvíslega. Hrasi einhver ekki í orði, þá er hann maður fullkominn, fær um að hafa stjórn á öllum líkama sínum. „ (Jak 3:2)

Að uppörva ekki fólk og sína ekki tilhlýðilega virðingu í samskiptum er alvöru mál með sinn dilk á eftir sér fyrir einstaklinginn inn í framtíðinni og heitir skert sjálfsmýnd.

Höfum og hugfast að svona framkoma við náungann er beint frá djöflinum komin og engum öðrum. Af þessu sjáum við að margir eru beint merktir djöflinum og sýna það með sinni framkomu og talsmáta á margvíslegan hátt. En allir geta tekið háttaskipti hugarfarsins og Jesú segir ekki nei við nokkurn mann sem til sín leitar. Er hann enda fyrirgefandi Guð sem hefur unun af að miskunna sig yfir syndugan mann sem kemur fram fyrir sig með iðrandi hjarta:

„ Tveir menn fóru upp í helgidóminn að biðjast fyrir. Annar var farísei, hinn tollheimtumaður. Faríseinn sté fram og baðst þannig fyrir með sjálfum sér: Guð, ég þakka þér, að ég er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, ranglátir, hórkarlar eða þá eins og þessi tollheimtumaður. Ég fasta tvisvar í viku og geld tíund af öllu, sem ég eignast. En tollheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki einu sinni hefja augu sín til himins, heldur barði sér á brjóst og sagði: Guð, vertu mér syndugum líknsamur! Ég segi yður: Þessi maður fór réttlættur heim til sín, en hinn ekki, því að hver sem upp hefur sjálfan sig, mun auðmýktur verða, en sá sem auðmýkir sjálfan sig, mun upp hafinn verða. „ (Lúk 18:10-14)

Þarna sjáum við tvær tegundir af mönnum koma fram fyrir sinn Guð. Önnur tegundin telur sig meiri og merkilegri en hina og upphefur sjálfa sig með mörgum fögrum orðum og telur upp eigið ágæti. Hinn fegraði ekki verk sín á nokkurn hátt heldur bað í einlægni hjartans um fyrirgefningu á öllu því illa sem hún hafði drýgt um dagana og fór réttlætt frá borðinu á meðan hinni var ekki fyrirgefið. Og hvor tegundin fékk betri niðurstöðu fyrir sig? Liggur það ekki alveg ljóst fyrir að tollheimtumaðurinn bar sigurorð af faríseanum? En hvor af þessum mönnum hafði betri stöðu í samfélaginu? Þar snýst myndin við. Tollheimtumenn voru ekki vinsælustu menn á þessum tíma. Enda oft mestu fantar. En Drottinn sér ekki manninn eins og fólk gerir og er

fús til að taka alla til sín sem vilja. Þetta er staðreynd sem sést best á því að ég og þú erum frelsaðir menn í dag. Og ekki vorum við betri öðru fólki. Að halda slíku fram er hroki og hrokinn er eitt af vandamálunum sem við er að glíma. Hversu margt fólk hefur ekki hrokinn táldregið, blindað og dregið hulu fyrir augun á? Skert sjálfmynd sem ekki fær rétta meðhöndlun brýst oft fram í slíku fólki sem hroki í einhverri mynd og þessi skerta sjálfmynd byrjar að verja sig með hrokanum. En á bak við hann er áfram lítil sál inn í skelinni sem hrópar eftir því að komast út og verða frjáls á nýjan leik. En þarna hefur maðurinn fát til ráða. Oft fyrir þær sakir að menn gera sér sjálfir ekki grein fyrir raunverulegu ástandi manneskjunnar sem þeir sjálfir telja sig þó þekkja allvel og hafa búið með meira og minna alla ævi. Eins og systkini, hjón, foreldrar og aðrir slíkir. Svo vel getur meinsemdin verið falin í henni að engin leið er fyrir venjulegt fólk að gera sér grein fyrir einu eða neinu þarna og jafnvel þótt merki komi fram kunna menn ekki að bregðast rétt við og bæta þá gráu ofan á svart og manneskjan þýtur í hendingskasti aftur þangað sem hún áður var í sér sjálfri og stundum er nefnd skel. Allt vegna þess að skert sjálfmynd hennar kemur í veg fyrir að hún fái tjáð sig frekar um sitt raunverulega ástand þótt allt í henni hrópi á lausn sem frelsið gefur. Þess í stað talar hún í kringum það eins og köttur fer í kringum heitan graut og kemst aldrei að kjarna málsins. Jesús veit hvað hann getur og líka að hann getur læknað þessa skertu sjálfmynd með því einfaldlega að fá manneskjuna beint að efninu sem oft er hið eina sem þarf til að losna út úr skelinni:

„ Og sá sem sendi mig, er með mér. Hann hefur ekki látið mig einan, því ég gjöri ætíð það sem honum þóknast. Þegar hann mælti þetta, fóru margir að trúá á hann. Þá sagði Jesús við Gyðingana, sem tekið höfðu trú á hann: Ef þér eruð stöðugir í orði mínu, eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa. „ (Jóh 8:29-32)

Sannleikurinn um til að mynda sjálfið opnar mannum leið og hann sér að margt sem um sig var sagt gegnum tíðina var bara lygi og ómerkileg orð með í raun ekkert innihald né stöðir undir sér. Sannleikurinn kom og gerði okkur nefnilega frjáls. Hér er ekkert verið að tala um frelsi til að gera allt sem hugurinn gírnist og svoleiðis þætti heldur frelsi sem til að mynda sá eða sú þekkir sem bundin er í skel en losnar svo þaðan og upplifir vitaskuld þá sitt frelsi. Þetta gerir sannleikurinn sem er svo mikilvægur í lífi fólks. Sannleikurinn flettir ofan af allri lygi sem til að mynda annað fólk hefur talað um einn og svo annan og menn fóru á endanum að trúá um sig sjálfan. Kann að vera að sögusagnirnar lifi áfram en nú hafa þær ekki lengur áhrif á þetta fólk. Sannleikurinn kom og með honum öll lækning. Sannleikurinn kom og upp rann ljós sem maðurinn heldur í báðum höndum.

Trúum Orðum Biblíunnar og leyfum þessu sama Orði að lækna okkur. Á bak við Orð Guðs er skapandi og viðvarandi kraftur.

Jesú lækna fólk. Jesú er fær um að temja tunguna sem Orðið segir að engin maður geti tamið. Allir menn vita hversu erfitt verk það er. Hvað gerir til dæmis reiður maður? Alltént er hann líklegur til að ausa úr skálum reiði sinnar yfir fólk í kring. Ekki satt? Reiði manns ávinnur sér ekkert frami fyrir Guði.

Jesús getur þar sem maðurinn strandar. Og Jesú dó fyrir fólk. Jesú bar í burtu synd heimsins og dó á krossi til að maðurinn drægist ekki til dauðans af syndinni í heiminum sem komst inn við skilningstré Góðs og Ills í Aldingarðinum Eden í upphafi mannkynssögunnar. Jesú getur fengið manneskjuna til að blessa með munni sínum og hætta að bölvu til að mynda öðru fólki. Erum enda allir menn sköpun sama Guðs. Jesú fær menn til að elska náungan eins og sig sjálfa. Þetta gerir Jesú og bara Jesú. Skoðuðu þitt eigið líf í heiðarleika og þú munt komast að raun um að víða er pottur brotinn og þú ekki fær um að framkvæma það sem þú vildir til góðs og hefur oft brugðist öfugt við kringumstæðum og aðstæðum og stað þess að blessa komst að meiri gremja. Sem var þó nóg fyrir. Brotinn maður í hjarta sínu er viðkvæmastur allra manna í veröld hér og fer furðuskjótt í vörn þegar honum finnst að sér vegið. Líka þótt engin veitist að honum. Dómgreind hins brotna er oft skert alveg eins og sjálfmyndin. Dómgreind kemur almennri greind manna ekkert við. Dómgreind er það sem þú sérð en dæmir þó rangt. Maðurinn þarfnast Jesú.

Látum engan mann niðurlægja okkur né heldur tala niður til okkar. Við þjónum Jesú sigurvegara sigurvegaranna og konungi konunganna. Hann hefur þegar fyrirgefið okkur sérhverja synd og vill nota okkur og þá hæfileika sem í okkur búa og hann sjálfur hefur gefið og veit best allra hverjir eru.

Maður sem er án eðlilegrar uppörvunar og hvatningar til góðra verka og heyrir aldrei neitt nema neikvæðar aðfinnslur um verk sín brýtur hann niður með tímanum og orsakar á endanum að maðurinn hefst ekki að né heldur treystir sér í að taka frekari þátt. Hann hefur þá gleymt því að allt fólk er gott í einhverju. Hvar er þitt gull sem tengja má við hæfileika þína? Veistu hvar það liggur? Finndu það og stígðu svo út á það sem þú fannst. Enda þitt eigið gull. Og sjá! Verkið leikur í höndunum á þér. Byrjaðu á vitnisburði þínum og vittu til. Hann blessar fleiri en þig grunar. Margir hafa nefnilega gengið í gegnum sömu meinsemd og þú. Og vitnisburðurinn þinn opnaði því veg að lausn og kannski í fyrsta skipti sem náunginn heyrir að lausnin sé yfir höfuð til og standi sér til boða.

Á yngri árum var höfundur undir hæl áfengisins sem eins og flesta aðra lék hann illa. 1979 mætti Guð honum að morgni dags og leysti frá allri löngun í áfengi. Þótt áfengið væri ekki inn í myndinni og hefur ekki verið frá þeim degi var samt margt úr lagi fært í sálartetrinu sem höfundur var búinn að setta sig við að yrði bara svona. Hann þekki enga færa leið og var á margann hátt sannfærður um að vera einn um meinsemd sína. Engin sagði honum neitt og hann spurði heldur ekki. Svo fór hann búa á meðferðarstað sem Byrgið starfrækti í Ölfussinu og sótti þar allt prógramm sem í boði var á staðnum. Og í ákveðna lausn fór svona að glitta.

Eitt af því sem boðið var upp á á staðnum voru svokallaðir grúbbfundir, sem var hluti meðferðarinnar. Á þessum grúbbfundum tjáðu menn sig um sín hjartans mál varðandi sína drykkju og afleiðingar hennar fyrir sitt líf. Þá fyrst, mörgum árum eftir að tappinn hafði verið skrúfaður á afengisflöskuna og ekki aftur tekin af, heyrði hann um aðra menn er glímdu við samskonar sálarmein og hann sjálfur gerði og hafði burðast með öll þessi ár. Opinberunin leiddi til þess að nú gat hann farið að tjá sig um akkúrat þessi mál innanum annað fólk með samskonar reynslu og hann sjálfur og lækningin fór að koma og bönd og bindingar að losna sem voru á og áfengið hafði ollið og fjötrað svo lengi. Átján árum (eða þar um bil) eftir að áfengið var ekki lengur inn í mynd höfundar var samt skömmin og sektarkenndin til staðar og jafn ágegn og fyrr og fyrst og fremst fyrir þær sakir að aldrei var rétt unnið úr málunum né neitt gert. En þarna byrjaði þetta að hopa og sigrar einn af öðrum að vinnast. Allt vegna þess að vitnisburðurinn, í þessu tilviki í Jesú nafni, gekk út og ekkert annað. Þegar hér er komið sögunnar (líklega 1999) er hann búinn að vera frelsaður í um tíu ár og vitaskuld hófst lækningin strax. Þarna og á þessu tímabili komst verulegur skriður á málið og hlutirnir gerðust hratt. Við sjáum hvað gildi vitnisburðarins er mikill og hve mikilvægt er að hann sé talaður út í áheyrn annarra manna og kvenna.

Gerum ekki lítið úr eigin vitnisburði og látum ekki brotna mynd af okkur sjálfum hindra Drottinn í að vinna sitt verk. Jesú í fyrsta sæti!!!

Bræður og systur! Við verðum að stíga út úr þessu og leyfa vilja Guðs að ráða og kom fram í voru lífi. Satan hefur of lengi fengið að tala til hjartna vora og ljúga að okkur til að mynda um það að það sem þú hefur að segja sé svo lítið og lággúrlegt að ekki taki því að segja frá því og að viðkomandi yrði sér bara til skammar. Sem er rangt og beint komið frá föður lygarans Satani. Allt sem Guð gerir er stórfenglegt og vel þess virði að aðrir heyri um.

Vitnisburður sem aldrei heyrir er eins og vatn sem liggur kyrrt og að lokum fúlnar og eyðileggst. Látum ekki sigranna í Jesú nafni stöðvast hjá okkur heldur leyfum þeim að flæða eins og líka er ætlast er til að þeir geri. Jesú á annað inni hjá okkur en einhverja kyrrstöðu vegna hjarta sem er fullt af ótta við að stíga fram og gera það sem þarf. Hve mörgum hefur ekki einmitt skert sjálfsmynd dregið úr allan kjark og ollið því að verk Drottins í lífi fólks stöðvast þar og frábær vitnisburður heyrðist aldrei og jafnvel dó með mannum? Hvílíkur skaði. Tíminn hér er stuttur og tíma sinn ber að nýta vel í þágu hins upprisna Jesú.

Þótt Drottinn sé alvitur og algóður og elski alla menn jafnt og geri sér engan mann mun getur samt verið um skerta sjálfsmynd að ræða í hjörðinni sem honum tilheyrir sem þarf að stíga út úr. Skerta sjálfsmyndin hindrar þetta fólk aftur og ítrekað í að stíga fram af fullum þunga og fær litla eða enga uppörvun og alvöru hvatningu frá öðrum, til að mynda systkinahópnum í þá Kristi, til að byrja. Söfnuðurinn lætur sér svona á sama standi og er um leið ákveðið vandamál sem kirkjan glímir við og hefur eflaust gert frá upphafi vega. Það er þetta afskiptaleysi og sofandaháttur gagnvart líðan annarra safnaðarmeðlima sem er oft svo andstyggileg og röng þegar eitt lítið brot sem allir geta gefið og fallett orð sem allt fólk á til í sínum orðaforða geta breytt svo mörgu hjá fólki og bætt líðan manneskjunnar sem drattast með sína skertu sjálfsmynd. Þetta er staðan hjá mörgum mannum og konunni. Og þetta þarf að yfirstíga og komast fram fyrir til að hæfileiki mannsins nýtist Drottni.

Trúboð viðheldur trúnni.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

20 ágúst 2010

Í kristnum ríkjum og hvarvetna sem menn vilja virkilega að áhrifa Krists gæti í löndum er allt trúboð mikilvægt. Boðun trúarinnar viðheldur svo mörgu sem sómi er að og gott er að búa við. Ekkert trúboð merkir raunverulega margháttaðan skaða fyrir þjóðirnar sem við það missa áttir og gildin breytast. Og ekki til batnaðar. Þetta má hvarvetna sjá þar sem áhrifa trúarinnar gættir lítt eða ekki. Þetta veit Satan og er helsta ástæða þess að hann rær að því öllum árum að gera þessi áhrif trúarinnar sem minnst og helst engin. Eftir því sem áhrifin frá trúnni eru minni eykst honum svigrúm til illskuverka. Minni trú merkir líka minna og stopulla bænalíf. Bæn dregur úr þrótti skelmisins. Þar sem í annan stað ekkert er beðið vex honum ásmegin og allir munu líða fyrir og líka fólk sem í dag sér ekkert við kristna trú. Trúboðið heldur mönnum vakandi og menn heyra reglulega um Jesú. Trúin viðhelst og Jesús fær rúm til að starfa í.

Boðunin gerir meira. Hún gefur fólki möguleika á að ganga Jesú á hönd. Ef engin boðun er í gangi mun trúin hverfi úr landinu og annarskonar átrúnaður festa rætur. Engin maður getur lifað án átrúnaðar í einhverri mynd.

Jesú á fráleitt alla. Það eitt og sér er svo ástæðan fyrir að villan fær sitt fóður frá þessum hjörtum sem hafa látið afvegaleiðast og trúa að rangt sé rétt. Sjálft rammflækt í net án þess sjálft að gera sér grein fyrir að það sé flækt í háskalegri villu sem ekkert gott hlýst af, hvorki fyrir fólknið sjálft né heldur afkomendurna.

Villan hefur burði til að halda áfram með nýrri kynslóð og svo koll af kolli uns Drottinn nær aftur festu og leiðréttir villuna sem upp er kominn og viðgengist í jafnvel aldir. Ættarbölvun heitir þetta þá sem margir vita um og viðurkenna í sinni ætt. Faðirinn var drykkjumaður og sonurinn fetar í fótspor föðurins og missir sjálfur tókin og börn hans líka, sem á annað borð fara þennan veg. Sem ekki er sjálfgefið að gerist.

Ættgengir sjúkdómar erfast frá foreldrum þótt ekki komi þeir ávallt fram í næstu kynslóð en hugsanlega í börnum barnanna. Bölvunin er ekki rofin og engin getur heldur rofið hana nema Kristur. Óvinurinn heldur sínum rétti til að spilla og skemma og eyðileggja líf fólks í hverri nýrri kynslóð. Þráður ættarbölvunar er ekki slitinn en gerist sjálfkrafa eftir að Kristur hefur rist viðkomandi mann í lófa sinn. Kristur tekur manninn allan yfir til sín en skilur ekki einhvern part eftir fyrir Satan til að leika sér með. Menn hins vegar geta valið og haldið í það sjálfir sem þeir vilja þótt Kristur sé kominn inn. Val manna gerir að verkum að vöxturinn verður ekki eins mikill og að var stefnt og Jesú vill sjálfur sjá gerast. Þess vegna erum við alltaf að hlusta og líka lesa sjálf kristilegt efni til að eðllegur vöxtur sé mögulegur:

„ Enginn þjónn getur þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammón. „ (Lúk 16:13)

Kristur vill að menn sleppi öllu sem tengir þá við heiminn. Að grípa í heimslegt eftir að maðurinn er kominn inn í ríkið getur gerst og hefur oft gerst jafnvel hjá því fólki sem lengi hefur gengið heils hugar með Drottni. En svo brestur undan fótum þeirra sem það taldi öruggt og visst og fólkið neyðist skyndilega til að horfast í augu við aðra hluti. Staðreyndin blasir við sem því grunaði ekki að yrði sitt hlutskipti en gerðist samt.

Hvað gera menn þegar slík staða er uppi? Grípa þeir þá í heiminn eða dragast ennþá nær Drottni. Bæði er inn í myndinni og um þessa tvo kosti er að ræða þegar allt kemur til alls. Þá er gott að minna sig á að Drottinn er hinn sami og að maðurinn, einstaklingurinn, er dýru verði keyptur:

„ Því að: Innan harla skamms tíma mun sá koma, sem koma á, og ekki dvelst honum. „ (Heb 10:37) - Hvatning frá Drottni til allra sem eru orðnir þreyttir og lúnir og orðnir efins um margt er lítur að Jesú.

Drottinn hefur engum gleymt. Hann heldur sinni áætlun og starfar á sínum hraða og er þolinmóður. Hann veit um allt sem þú gengur í gegnum og upplifir. Hann vill ekki að neinn maður glattist heldur að allt fólk komist til þekkingar á sannleikanum. Í fyllingu tímans þá kemur hann og tekur allt fólk til sín sem er tilbúið en skilur hina eftir sem ekki gættu trúar sinnar. Drottinn hefur talað og Orð hans eru óhagganleg. Okkar er að beygja okkur undir þau og hvika hvergi frá eigin sannfæringu.

Dagurinn í dag er dagurinn sem við dveljum í lifandi Drottni. Já, hann heitir Jesú:

„ Veitið þjónustu yðar af fúsu geði, eins og Drottinn ætti í hlut og ekki menn. „ (Efe 6:7) - Aftur hvatning um að halda góða verkinu áfram og vera Drottni til þægilegs ilms.

Trúboðin og fólk sem ferðast um með fagnaðarerindið bæði í hjarta sínu og í bókinni sem við vitum að er Biblían lyftir oft Grettistaki þar sem það kemur og kveikir líf þar sem áður var kannski myrkur og hvergi ljósglætu að sjá og allt í umhverfinu merkt dauðanum.

Trúboðin og kristniboðin með sitt fagnaðarerindi kemur með ljósið með sér. Og lífið verður áhugavert. Allstaðar sem Kristur nær fótfestu viðhelst von í hjarta sem lærir fyrst og síðast að horfa til Krists.

Kristniboðin (-starfar á erlendri grund en trúboðinn í heimalandi sínu. Til fræðslu) fer um með boðskapinn. Og þar sem fólkið tekur við boðskapnum sest viðkomandi að og undantekningalaust hefst ákveðið uppbyggingarstaf. Sjúkraskýli rísa, gert er átak í vatnsmálum og frárennismálum bæjarbúa, skólar rísa af grunni og kennsla fer fram í þessum skólum og fólkinu kennt að lesa og draga til stafs og öll þessu grunnatriði sem við á vesturlöndum teljum sjálfsgöð mannréttindi en veit kannski ekki að fyrir mörgu af þessu fólki sem kristniboðinn starfar með er um algera nýlundu að ræða. Enda allt líf manneskjanna frumstætt og fólkið fátækt en er umfram allt fólk með sínar þarfir, sínar langanir, sínar hugmyndir, sínar þrár og á sinn rétt til að lifa lífi sem er heilbrigt og fallegt. Hugleiðir máski ekki að allt fólk þarf að hafa aðgang að ákveðnum grunnþörfum til að fá blómstrað. Svona geta auðævin breytt og afskræmt hugsanaganginn í þessum auðugri samfélögum heimsins.

Fólkið sem kristniboðinn kom til fær nú hreint vatn og úr allskonar niðurgangspæstum dregur í samfélaginu og þær hverfa alveg með hreinu og heilnæmu vatninu sem fólkið fær nú neytt. Allskonar svona einfaldar en samt mikilvægar aðgerðir koma í kjölfar Krists af þeirri ástæðu einni að Kristur elskar fólk og vill sjá líf þegnanna í góðum og farsælum farvegi hvar sem er í heiminum.

Guð er ekki Guð hörmunga né vosbúðar. Allt slíkt er afleiðing syndar og holdsins verka sem oft á tíðum Satan nýtir sér og gerir illt ennþá verra. Og var nú vart á bætandi. Starf **SÍK** þar sem þeir hafa unnið í áratugi hefur gefið af sér fjöldann allan af svona vitnisburðum sem hvetur menn til áframhaldandi aðgerða á sviði kristniboðs og trúboðs:

„ En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína. Nú er svo komið, að mér verður fórnfært, og tíminn er kominn, að ég taki mig upp. Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna. „ (2Tím 4:5-7)

Og enn er trúboð og kristniboð stundað.

Í tæknivæddum heimi nútímans er ekki mikið orðið um það að fólk banki á dyr náungans og spyrji hvort það þekki Jesú og hvort því leyfist að lesa úr ritningunni fyrir það, eins og áður var. Trúboði nútímans er orðinn rafrænn og fer með boðskapinn eftir leiðum útvarps- og sjónvarpsbylgja, gegnum veraldarvefinn eða bara hvar sem hægt er að koma svona efni til skila á nútímalegann hátt. Engin ástæða er heldur til annars. Að tala augliti til auglitis við fólk heldur samt gildi sínu eins og lengst af mannkynsögunnar hefur verið gert og sumir fullyrða að sé áhrifaríkasta aðferðin við trúboð. Sem vel má taka undir. Höfum þó hugfast að eitt útilokar fráleitt annað.

Sannleikurinn er að í dag situr fólk fyrir framan skjáinn, hlustar á útvarp, vafrar um á vefnum. Séum við, þetta trúaða fólk, hvergi sjáanleg þarna er líklegasta skíringin sú að við höfum þá ekki heyrt frá Kristi og missum fyrir vikið af mikilvægu tækifæri til boðunar. Höfum og hugfast að allstaðar sem fólk kemur saman þar er Satan til að skrumskæla og ástæða þess að til verður allur þessi sori sem vekur mönnum bæði ugg og sinn viðbjóð. Hér átt við margar þessara bloggsíðna sem stofnaðar hafa verið að því er séð verður til þess eins að níða og rægja fólk. Menn og konur sem tjá sig á þessum bloggsíðum skulu vita að allt, hver stafkrókur sem þar er settur fram er opinber sem allir geta lesið.

Auðvitað fyrirfinnast bloggsíður sem eru hreint til fyrirmyndar. Ekki er samt svo að skilja að trúboðinn eigi að vera akkúrat inn á síðum sem frambera tóman sóðaskap. Enda bara tímaeyðsla að reyna að elta ólar við allt sem þar er. En breytir þó ekki hinu að menn með trúboðshjarta skildu óhræddir nýta sér veraldarverfinn til boðunnar fagnaðarerindisins og gera meira af heldur enn minna. Ófært er að láta Satan og skemmandi og meiðandi talanda hans vaða þarna eftirlitslausan uppi án þess að rödd Krists sé þar merkjanleg og á hann bent. Allstaðar þar sem vandað er til verka og efni vel framsett það vekur mönnum áhuga og þeir koma aftur til að sjá hvað þarna sé meira í boði.

Trúboðinn leggur sig fram og vandar til allra verka. Hann veit að hann þjónar lifandi Guði sem gerir engin mistök og eins gott að trúboðinn og annað Guðs fólk framberi ekkert sem það hefur ekki lagt sig allt fram við.

Segir ekki Páll að sjálfur sé hann eins og hnefaleikamaður sem engin vindhögg slái? Páll var markviss og eyddi tíma sínum ekki í hégóma og kastaði perlum sínum hvorki fyrir svín né hunda. Hann vissi að svínin tróðu perlunum undir fótum sínum og að þau greyin gerðu sér enga grein fyrir því hvað þetta var. Og einnig að hundarnir snéru sér að þeim sem töluðu og geltu og gjömmuðu framan í þá og vildu rífa í sig. Og er þarna að vitna annars vegar í fólks sem hefur ekki áhuga og sér ekki neitt við Krist né heldur verk hans, og svo hina sem bregðast ókvæða við og beita versta munnsöfnuði gegn honum eða henni sem talaði. Í báðum tilvikum var um einskæra tímaeyðslu að ræða fyrir trúboðann sem engu skilaði. Nema ef vera skildi mæðu.

Gleymum þó ekki hinu að fólkið heyrði og að nú er komið að Drottini að sjá um rest. Slíkt hugarfar þarf trúboðinn að hafa og er nokkuð sem Drottinn vill gefa fólki sínu til að uppörva og hvetja.

Þeir í annan stað sem vildu hlusta á Páll fengu líka frá honum gullkorn sem gáfu þeim sitt frækorn sem þeir svo fóru út með. Páll var knúin áfram af trú á Jesú og starfaði alfarið í kærleika Krists. Og þetta tvennt, kærleikur Drottins og Heilagur Andí er afskaplega merkilegt fyrirbrigði og efni í fjölda predikana. Gullkornin frá Páli náðu allt til hjartans og skiluðu sínum ávexti og breytingu til batnaðar í lífi einstaklinganna þegar fram í sótti.

Við sjáum að verk trúboðans er að gefa fólki von og sá inn í framtíð manna. En til þess þarf það þá að fást til að staldra við og leggja við hlustir.

Svínin og hundarnir fengu ekkert vegna þess að hjörtun voru haldin og í þeim brann engin löngun til að vita meira um Jesú og frelsisverkið á krossinum. Harkan og svo meiri harka einkenndi hundanna og í hinu tilvikinu (svínanna) var áhugaleysið og sinnuleysið gagnvart boðskapnum allsráðandi.

Trúboðanum og kristnu fólki almennt er uppálagt að kasta ekki perlum sínum hvorki fyrir svín né hunda og ap slá enginn vindhögg. Þannig líka fæst bestur árangur af trúboðsverkinu.

Tími trúboðans er mikilvægur. Tíma sinn þarf hann að skipuleggja vel til að ná sem mestu út úr honum á hverjum stað fyrir sig. Að eyða honum í marklaust og tilgangslaust hjal er ekki Guði velþóknlegt. Margir

vilja rífast og þræta við þann sem framber fagnaðarerindið og framhjá slíku fólki segir Drottinn að við skulum sneiða eftir að hafa áminnt blessað fólkið einu sinni og tvisvar.

Ef við horfum aftur fyrir árið eitt þúsund í íslenski sögu (Eins og menn muna var kristni lögleidd í landinu árið eitt þúsund) var til ákveðin átrúnaður í þessu landi þótt ekki væri hann á kristilegum nótum heldur heiðnum. Og lítil munur er á heiðni og myrkri. Ljósið býr í Kristi og honum einum.

Trúboð færir mönnum val sem þeir á endanum munu þurfa að horfast í augu við og taka ákveðna afstöðu með eða móti. Drottinn mun sjálfur sjá til þess að fólk standi andspænis sínu vali þarna. Hann er góður Guð og vill að allt fólk komist til þekkingar á sannleikanum og verði hólríð en hangi ekki endalaust í lausu lofti með sitt líf:

„ Ég var umskorinn á áttunda degi, af kyni Ísraels, ættkvísl Benjamíns, Hebrei af Hebreum, farísei í afstöðunni til lögmálsins, svo ákafur, að ég ofsótti kirkjuna. Ef litið er á réttlætið, sem fæst með lögmálinu, var ég vammlaus. En það, sem var mér ávinningur, met ég nú vera tjón sakir Kristis. „ (Fil 3:5-7) – Afstaða Páls er skír. Líka á meðan hann var undir í Lögmálinu og vann verk Lögmálsins og ofsótti kristna menn sem hann á þeim tíma mat sem hreina og klára villutrúarmenn og samfélagi Gyðinganna hættulegt. Er hann svo var á veginum til Damskus mætti honum Kristur og þá snérist hann á sveif með honum sem hann áður ofsótti. Þetta viðurkennir Páll. og afstaða hans kominn fram. Pál var maðurinn sem aðrir vissu hvar stóð, vildu þeir yfirleitt kynna sér málið, sem óvist er að allir hafi kært sig um að gera. Páli var enda ekki hvarvetna vel tekið af kirkjunnar þjónum:

„ Fyrir löngu eruð þér farnir að halda, að vér séum að verja oss gagnvart yður. Nei, vér tölum fyrir augliti Guðs, eins og þeir, sem tilheyra Kristi. Allt er það yður til uppbyggingar, mínir elskuðu. Ég er hræddur um, að mér muni þykja þér öðruvísi en ég óska, er ég kem, og að yður muni þykja ég öðruvísi en þér óskið og á meðal yðar kunni að vera deilur, öfund, reiði, eigingirni, bakmælgj, rógburður, hroki og óeirðir. „ (2Kor 12:19-20)

Og aftur hér:

„ Alexander koparsmiður gjörði mér margt illt. Drottinn mun gjalda honum eftir verkum hans. Gæt þín líka fyrir honum, því að mjög stóð hann í gegn orðum vorum. Í fyrstu málsvörn minni kom enginn mér til aðstoðar, heldur yfirgáfu mig allir. Verði þeim það ekki tilreiknað! „ (2Tím 4:14-16) - Reikna má með að Alexander koparsmiður hafi þekkt Jesú en samt birst Páli sem alger andstæðingur sem Páll sér ekki nema eitt ráð með og vara aðra bræður sérstaklega við. Svo alvarlegum augum leit þessi mikli Guðsmaður Páll málið. Er Alexander koparsmiður enn við líði og ennþá að koma gegn erindrekum Drottins með yfirlýsingum sínum, vondum orðum og hæðni. Allt smurt af efa og vantrú? Getur það verið?

Í báðum þessum tilvitnunum í Nýja testamentið má sjá ákveðna andstöðu gagnvart Guðsmanninum Páli og ljóst að efi og tortryggni hafa lengi lifað þokkalegu lífi innan vébanda kirkjunnar jafn rangt, slítandi, uppétandi og lít hughreystandi og það nú er.

Fullyrða má að engin í sjálfs síns mætti stundi trúboð og einnig að engin sem ekki er kallaður til trúboðs endist lengi í verkinu og líklegt að hann verði fyrr en seinna skotinn í kaf af aflinu sem hér er og við, sem þekkjum Jesú, vitum að heitir Satan.

Jesú sér um að trúboð sé stundað og velur sjálfur fólk sem hann svo setur fram eftir ákveðin undirbúningstíma sem hann sjálfur ákveður hve langur skuli vera. En jafnvel þó Kristur sjái um allt og viti vel hvenær maðurinn sé tilbúinn til að takast á við fyrirhugað verk þá er honum samt vandi á höndum. Ekki er nefnilega víst að maðurinn standi á fætur og hefjist handa þótt kallið komi og maðurinn fullfær um að taka að sér umbeðið verk:

„ Hvað virðist yður? Maður nokkur átti tvo sonu. Hann gekk til hins fyrra og sagði: Sonur minn, far þú og vinn í dag í vingarði mínum. Hann svaraði: Það vil ég ekki. En eftir á sá hann sig um hönd og fór. Þá gekk hann til hins síðara og mælti á sömu leið. Hann svaraði: Já, herra, en fór hvergi. Hvor þeirra

tveggja gjörði vilja föðurins? Þeir svara: Sá fyrri. Þá mælti Jesús: Sannlega segi ég yður: Tollheimtumenn og skækjur verða á undan yður inn í Guðs ríki. „ (Matt 21:28-31)

Hér horfum við upp á ákveðinn vanda sem fylgir fólki sem er leti og áhugaleysi fyrir því sem er Guðs og ríki hans á jörðinni. Báðir mennirnir í sögunni dæstu nefnilega báðir og urðu argir vegna truflunarinnar sem af beiðninni hlaust þótt sá fyrri hafi séð að sér og loks drattast af stað. En hinn, sem þó sagðist ætla að fara fór hvergi og hélt bara áfram að lesa blaðið sem hann var með uppflett fyrir framan sig. Alltént var verkið sem Drottinn bað hann um ekki unnið fyrir hans hendur.

Báðir þessir menn voru komnir með alla nauðsýnlega þjálfun og þekkingu í herbúðum Drottins. Öðruvísi hefði Drottinn ekki beðið þá um sitt viðvik. Letin sagði nei og sjálfið dæsti argt vegna truflunarinnar. Líka hjá hinum sem sagði nei en fór þó í verkið. En gleymum ekki því að hann gerði vilja Guðs og var Guði velþóknanlegur fyrir vikið. Við sem þekkinguna og þjálfunina höfum erum ekki alltaf neitt sérstaklega jákvæðar manneskjur þegar kemur að starfi fyrir Drottinn og segjum oft nei. Ekki satt?

„ Þá heyrði ég raust Drottins. Hann sagði: Hvern skal ég senda? Hver vill vera erindreki vor? Og ég sagði: Hér er ég, send þú mig! „ (Jes 6:8) – Hér heyrum við orð sem Drottinn elskar að berist sér frá manningum. En hversu margir virkilega meina þetta og eru ávallt tilbúnir að fara og gera í Jesú nafni þegar kallið berst?

Allt kristið fólk fær haldgóða þjálfun. Engin er sendur nema hafa áður fengið allan undirbúning og að upplifa verndina og styrkinn sem því fylgir að lifa í trú og að treysta Drottni fyrir sínu. Verkið á akrinum styrkir manninn og hann verður æ óttalausari þar eftir því sem verkin og reynslan gerist meiri. Hann finnur svo vel hversu Drottinn er með honum og gefur nauðsýnlegan styrk og visku. En jafnvel þessi fullvissa mannsins, mín og þín, er engin trygging fyrir Drottinn um að maðurinn rísi á fætur og hefjist handa þegar kallið berst til hans þó að eitt sinn hafi eldar logað í hjarta viðkomandi. Þetta getur kennt okkur að hollt sé að spyrja sig og skoða eigin afstöðu og hver staðan sé nákvæmlega í dag að þessu leiti. Núið skiptir öllu máli en ekki það sem eitt sinn var. Engin maður fær lifað á fornri frægð:

„ En nokkrir Gyðingar, er fóru um og frömdu andasæringar, tóku og fyrir að nefna nafn Drottins Jesú yfir þeim, er höfðu illa anda. Þeir sögðu: Ég særi yður við Jesú þann, sem Páll prédikar. Þeir er þetta frömdu, voru sjö synir Gyðings nokkurs, Skeva æðsta prests. En illi andinn sagði við þá: Jesú þekki ég, og Pál kannast ég við, en hverjir eruð þér? Og maðurinn, sem illi andinn var í, flaug á þá, keyrði þá alla undir sig og lék þá svo hart, að þeir flýðu naktir og særðir úr húsinu. „ (Post 19:13-16)

Hérna kemur vel fram hvað við er að eiga og að engin maður fer óundirbúin né ókallaður af lifandi Guði inn á svæði sem Satan og árar hans og púkar hafa áður merkt sér og rænt.

„ En hverjir eru þér „ - sagði illi andinn við þessa ótrúlegu bræður sem vissu svo sannarlega ekki hverju né heldur hvaða afli þeir buðu byrginn og voru raunverulega heppnir að sleppa lifandi úr sinni viðureign við ódáminn. Allir sem koma nálægt Satani eru í lífshættu og Satan deyðir alla sem honum eru samferða eftir að hafa fyrst pískað þá út og notað. Maður undir stjórn Satans dugir ekki lengi og brennur upp á skömmum tíma. Öll ganga mannsins á þessum stað einkennist af ótta og skelfingu. Kemur oft fram með þeim hætti að menn bera á sér vopn sjálfum sér til varnar. Þeir vita hvað er í gangi og þekkja sitt umhverfi þó þeir geri sér enga grein fyrir því að sá sem hefur þá og notar heiti Satan. Maðurinn er ekki skapaður til að vera þjónn hins illa heldur lifandi Guðs sem hlúir að manningum elskar hann og virðir. Á þessu er gríðarlegur munur. Völdunum var rænt frá Guði. Hjarta mannsins, sæti Drottins í manneskjunnar var rænt.

Við sjáum að illi andinn viðurkennir fyrir bræðrunum að hann þekki bæði Jesú og Pál sem á þessum tíma var orðin þjónn Jesú. Og hann lagði ekki í þá. En fólk sem hefur engar varnir uppi frá Guði skal gæta sín. Eins og bræðurnir fengu að kenna á með sínum eftirminnilega hætti. Og allt þetta er ennþá í gangi.

Þökkum Drottni fyrir trúboðið og kristniboðið og biðjum fyrir og stöndum með því fólki sem slíka vinnu innir af hendi á meðal okkar. Það er vilji Guðs.

Í Jesú nafni. Amen.

Val mannsins og hinn sem villtist frá

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Flóð og fjara. Endalaus gangur náttúrunnar. Þessu fær engin maður breytt og svona bara er þetta.

Vindurinn blæs hvert sem hann vill og kemur þegar hann sjálfur vill. Hafið yggjir sig af vindinum með sínum áhrifum. Regnið streymir niður úr skýjunum og vætir umhverfið með vatnsdropunum sem þaðan berast til jarðar. Einnig að vild sinni. Eldgos koma og allskonar náttúruhamfarir líka. Margt upplifir maðurinn og mikið af allskonar náttúruhamförum í dag. Ekkert lát er á og engin fær þetta stöðvað. Slíkt er aflið.

Maður sem slíkt reyndi væri vitaskuld firrtur viti og ekki lengur til frásagnar í þessu lífi. Eina sem menn geta andspænis slíkum kröftum er að horfa á úr öruggu skjóli. Heilt samfélag manna varð að yfirgefa bæinn sinn í Vestmannaeyjagösinu 1973. Ekkert annað var í boði nema að yfirgefa svæðið. Slíkur var atgangurinn. Engin réð við neitt. Fólkinu þurfti sem hraðast að koma á brott. Og hver fær stöðvað þúsund gráðu heitt hraunflóð sem vellur fram? Menn taka hlutunum eins og þeir koma fyrir. Mæða breytir engu. Reiði og óánægja ekki heldur. Staðreyndin blasir við.

Einn daginn þá líkur hamförunum. Og enn án þess að maðurinn hafi neitt um þau málalok að segja.

Maðurinn er stórkotlegt sköpunarverk en afskaplega getulítill og máttlaus í fjölda málum. Þetta veit fólk.

Á hverjum degi sem við fáum að vakna inn í talar Guð. Á hverjum degi vill hann beina hjörtum fólksins til sín. Hversdagslegir gjörningar, eins og flóð og fjara, ský á himnum, regn og annað, eru allt verk Drottins sem maðurinn á að vita af og einkum hvaðan honum kemur þetta. Allt er frá Jesú.

En fyrirstöðurnar eru margar og mörg grjóthörð hjörtu á veginum sem ófær eru um að veita því sem Guðs er viðtöku. Signar augabryr, hörkuleg andlit og reiðilegt augnaráð blasa við á götunum í bland við einmanna, afskiptar, hræddar og litlar manneskjur í sér sem þó reyna að bera sig mannalega til að grátur hjartans sjáist ekki. Engin miskunn. Engin umhyggja. Allt kalt og fráhrindandi. Samt talar Guð í sínum kærleika inn í þessar kringumstæður: „Komið til mín og finnið friðinn.“ - Drottin boðar fólki líf og er boðberi hins góða, fagra og fullkomna.

Enn er náðartími. Munum að einn daginn þá líkur þessum merkilega náðartíma og allt hið illa, sem bænin og trúin á jörðinni heldur nú aftur, af flæðir fram. Þá verður ekki gaman að lifa hér og engin eftir til að biðja. Allir horfnir sem blessa. Engin til að bera smyrsl Drottins á hjartameinin. Engin til að uppörva og hvetja. Kærleikurinn komin til fundar við Drottinn í loftinu ásamt Heilögum Anda sem ennþá svífur yfir vötnunum.

Er þetta allt er farið tekur illskan öll völd og ríkir og ræður í þrjú og hálf ári. Þá kemur Jesú aftur ásamt þeim sem hrifnir voru burtu og stofnsetur þúsund ára ríkið sem Biblían talar um. Biblían ber okkur sannleikann. Að vilja þynna út Orðið og nota það ekki lengur hreint heldur órætt og torskilið og gamalt sem ekki gildi lengur er slík synd að öllu heiðarlega þenkjandi fólki ofbýður:

„Gyrð lendar þínar eins og maður, þá mun ég spyrja þig, og þú skalt fræða mig. Hvar varst þú, þegar ég grundvallaði jörðina? Seg fram, ef þú hefir þekkingu til. Hver ákvað mál hennar þú veist það! eða hver þandi mælivaðinn yfir hana? Á hvað var stólpum hennar hleypt niður, eða hver lagði hornstein hennar, þá er morgunstjörnurnar sungu gleðisöng allar saman og allir guðssynir fögnuðu? Og hver

byrgði hafið inni með hurðum, þá er það braust fram, gekk út af móðurkviði, þá er ég fékk því skýin að klæðnaði og svartapykknið að reifum? „ (Job 38:3-9)

Já ágætu systkini. Hvar vorum við þegar Guð gerði það sem hann gerði og við horfum daglega á án þess kannski að renna huga okkar til hans sem er hið efra? Hvar vorum og á hvern hátt vorum við þátttakendur í þessu stórkostlega verki sem sköpunin öll er? Og hvað getur þetta kennt okkur annað en auðmýkt er við horfum máttlaus á og getum engu svarað sem stenst og telst gilt svar frami fyrir almáttugum Guði?

Eina sem við getum er að beygja hné okkur og segja: „ Drottinn minn og Guð minn! Fyrirgef oss öllum. „ Þetta getum við og sumir sem betur fer gera líka í djúpri lotningu. Gleymum þeim ekki.

Í upphafi var talað um vanmátt mannsins gangvart ógnarkröftum Drottin sem birtist í náttúrunni með ýmsu móti og oft ægilegum.

En vissulega getur fólk breytt mörgu bæði hjá sér sjálfu og öðrum sem í kring eru. Stundum eru breytingarnar þó engum til góðs. En líka stundum eru þær það, sem er frábært.

Frjáls hugur mannsins er ótrúlega öflugur og ræður meira um líf mannsins en margir gera sér grein fyrir.

Það er frjálsi hugurinn sem fær manninn til afneita Guði og ganga veg girndar og syndar, lasta og ódregsskapar, víns og fíkniefna, hórdóms og þjófnaðar, lasta og lauslætis. Frjáls hugur gerir að verkum að maðurinn hallar sér að trúnni og vill rækta sína trú á allt sem er Drottins.

Hið merkilega er að Drottin tekur alls ekki fram í fyrir vilja mannsins né hendur hans. Þarna er kennsla sem mikilvægt er að tileinka sér og ná boðskapnum í. Tæki Drottinn fram fyrir hendur mannsins og ákvörðun er ljóst að þá væri líka margt og kannski allt í umhverfi mannsins öðruvísi og í betri farvegi en reyndin er og óvíst hvort að fyrsta fólkið hafi þá gefist tóm til að afneita í raun Guði sínum og gefa Satani sæti Guðs í eigin hjarta. Orð Guðs er svo áreiðanlegt og Drottin svo orðheldinn að ekkert fær því breytt. Hvorki á himni né á jörð:

„ Hann safnaði vatni hafsins sem í belg, lét straumana í forðabúr. Öll jörðin óttist Drottin, allir heimsbúar hræðist hann, því að hann talaði og það varð, hann bauð þá stóð það þar. „ (Sálm 33:7-9)

Því fyrr sem við meðtökum sannleikann því fyrr sjáum við og skiljum hvernig hlutirnir í raun og veru eru og hvernig plan Guðs er og hví hann vill framkvæma þetta svona en ekki á hinn veginn:

„ Af því að þú hefur varðveitt orðið um þolgæði mitt mun ég og varðveita þig frá reynslustundinni, sem koma mun yfir alla heimsbyggðina, til að reyna þá sem á jörðunni búa. Ég kem skjótt. Haltu fast því, sem þú hefur, til þess að enginn taki kórónu þína. „ (Opb 3:10-11)

„ **Ég kem skjótt**...“ - Þarna talar og viðurkennir Drottinn rétt mannsins til að velja sjálfum og hann hvetur hann til að halda því sem hann hefur án þess að um beina skipun sé að ræða. Jesús áskilur sér allan rétt til að tala um það við manninn hvað líf raunverulega sé. Að lífið er engin leikur sem menn geti bara sólundað og gert hvað sem er við og komist klakklaut frá öllu saman. Er enda fráleitt að svo sé. Til er nefnilega mjór vegur sem liggur beina leið til lífsins á himnum og annar vegur sem Biblían talar um sem Breiðan veg er liggja til glötunar og að á þeim vegi séu margir á ferð.

Hví eru þeir á Breiða veginum þó Biblían vari við honum og segi að liggja beint inn í sjálft myrkrið, þar sem sé grátur og gnístran tanna? Biblían kennir, sem er hið alvarlega þarna, að manneskjan, allt fólk, hættir ekki að vera til þótt hún hverfi úr líkamanum. Líka þó að frjálst val mannsins og afvegaleiddur hugur hafi sannfært hann um að öllu sé óhætt og engin Guð sé til og allt sem hér gerist sé merkt tilviljunum en ekki hugsun

ósýnilegs skapara. Slík niðurstaða er tilkominn vegna háskalegra lyga djöfulsins sem reynir allt hvað hann getur til að halda fólki frá Drottni. Satan veit margt og líka til hvers Jesú kom. En hann er lygari og rúin allri miskunn og kærleika og fer að eðli sínu er hann lýgur. Þeir sem leggja við eyrun er hann talar geta auðveldlega trúað orðum hans og gengið inn á þá braut. Sem er þá röng braut.

Í orðum óvinarins býr oft gríðarlegur sannfæringarkraftur sem auðvelt er að hrífast af og oft erfitt að sjá við. Allt sem hann segir hefur aðeins eitt markmið. Að draga fólk með sér þangað sem hann sjálfum er búin staður og er Helja. Einungis í Anda Guðs og með góðri þekkingu á Orðinu fær maðurinn séð við slíkri kennslu og hafnað sem háskalegri og lífshættulegri fyrir sig sjálfan. Orðið og trú mannsins afhjúpar Satan og er um leið góð líftrygging öllum sem vilja leggja rækt við þetta lífgefandi og heilnæma Orð í gegnum trú sína. Engin sem ekki trúir leitar huggunar og styrks í Biblíunni né heldur ásjár Drottins í bæn. Trú þarf til. Hún er nauðsýnleg.

Kristur vill færa manninn inn á rétta braut sem kennsla Satans hefur leitt hann inn á. Satan á marga kennara í öllum löndum heims sem taka að sér það hlutverk að fræða fólk, sjálfir blindaðir af vélarbrögðum hans. Frjáls vilji mannsins hindrar vantrúna í að sjá þetta og getur svo fari að hún leiði hann áfram eftir Breiðstrætunni og fram af brúninni og hann steypist niður í botnlaust hydýpið. Fyrir augum vantrúarinnar er slæða, hula, þoka, sem hindrar fólki sýn og því hættir til að venjast henni og svo smá saman að velta öðrum möguleikum fyrir sér. Slíkur maður er vissulega á háskaslóðum. Syndin er lævís:

„ Drottinn mun gefa yður neyðarbrauð og þrengingarvatn. En hann, sem kennir þér, mun þá eigi frammar fela sig, heldur munu augu þín líta hann, og eyru þín munu heyra þessi orð kölluð á eftir þér, þá er þér víkið til hægri handar eða vinstri: Hér er vegurinn! Farið hann! „ (Jes 30:20-21)

„ En hann, sem kennir þér „ – segir hér. Hver er hann þessi kennari? Jesú er kennari allra kristinna manna fyrir sinn Heilaga Anda. Hann bendir enn og aftur á frjálsan huga mannsins sem stundum er reikull og veit ekki í hvaða átt hann vill fara.

Takið eftir að þarna er Drottinn mjög ákveðinn við manninn en mun samt beygja sig fyrir vilja hans, vilji maðurinn sjálfur velja annan veg til að fara. Aftur fáum við staðfestingu um að Drottinn virðir fullkomlega vilja fólks.

Kristinn maður hefur fengið fræðslu og veit á hvaða leið til að mynda Jesú er. Þetta hvetur hann til meiri dáða og verka fyrir Jesú sem þráir eins og alltaf að sækja sálir og gera hólpnar. Hann veit hvernig manneskjan er gerð og um þrjósku hennar og þvergirðingsskap þegar kemur að Guði. Fyrir höfundu er svona tal engin hræðsluáróður heldur sannleikur sem verður að hamra á og tala um í fullum heiðarleika, auðmýkt og kærleika.

Í Lúkasarguðspjalli lesum við góða sögu um frjálsan vilja Mannsins sem Guð hindrar ekki:

„ Sá yngri þeirra sagði við föður sinn: Faðir, lát mig fá þann hluta eignanna, sem mér ber. Og hann skipti með þeim eigum sínum. Fáum dögum síðar tók yngri sonurinn allt fé sitt og fór burt í fjarlæggt land. Þar sóaði hann eigum sínum í óhófsömum lifnaði. „ (Lúk 15:12-13)

Allir geta verið sammála um að beiðni unga mannsins er ekki hyggilegt vegna þess við vitum af lestri hennar hvert hann fór og í hvað fjármunirnir fóru og hvar hann fékkst við og í hvers konar félagsskap hann var fjarri föðuruhúsum. Hver upphafleg áætlun unga mannsins kann að hafa verið er ekki gott að geta sér til um. Eitt er þó ljóst að hún fór öðruvísi en til stóð. Er líklegt að maðurinn hafi lagt af stað til þess eins að drekka út allar eigur sínar og lifa óhófslífi? Er ekki líklegra að hugsunin um auð og auðæfi hafi legið til grundvallar

ákvörðun yngri sonarins í sögunni, sem mörg okkar þekkjum og höfum skoðað? Áætlanir mannsins eru eitt, niðurstaðan er stundum önnur.

Ungi maðurinn hafnaði innan um vinsvelgi, ólátbelgi, lauslátar konur og fólk sem samfélagið hafði horn í síðu á vegna oft á tíðum vondra verka. Við höfum ekki miklar mætur á slíkum lífmáta. Eða er það? Og af hverju? Vegna þess að slíkur lífmáti er engum nein fyrirmynd þó margir apa eftir honum og drekki af sama beiska kaleiknum.

Takið eftir einu, sem undirstrikar það sem hér er haldið fram, að Faðirinn fer ekki á eftir syninum þótt hann viti hvað taki við honum og hvernig honum muni reiða af í hrollvekjandi heimi blekkinga og stórfellda svika. Guð virðir ákvörðunarrétt fólks. Hvers sem er.

Orðheldni Guðs við sitt Orð er umhugsunarefni öllu kristnu fólki sem gæti komið í veg fyrir mörg glappaskot og að menn syndgi upp á náðina, eins og sumir gera og jafnvel vísvitandi stunda. Hættið þessu!!!

Hvað gerist meira í þessari sögu. Faðirinn fer ekki á eftir honum. Það sjáum við. Strákurinn örmagnast af bullinu í sjálfum sér og kemst loks á botninn:

„ Þá langaði hann að seðja sig á drafinu, er svínin átu, en enginn gaf honum. En nú kom hann til sjálfs sín og sagði: Hve margir eru daglaunamenn föður míns og hafa gnægð matar, en ég ferst hér úr hungri! Nú tek ég mig upp, fer til föður míns og segi við hann: Faðir, ég hef syndgað móti himninum og gegn þér. „ (Lúk 15:16-18) - Sem sagt! Ungi maðurinn velur aftur og nú að fara til staðarins sem hann fór frá, kannski, og líklega, mörgum árum áður. Við sjáum að Faðirinn kom hvergi nærri ákvörðun yngri sonarins. Hún var alfarið hans. Ef við viljum ekkert með Guð hafa - nú - þá bara er það svoleiðis og maðurinn fer sinn eigin veg. Við erum sjálf ábyrgð fyrir eigin lífi sem fullorðnar viti bornar manneskjur.

Við verðum að skilja hver Guð er að hann er Orðheldinn og meinar það sem hann talar. Hann vill öllum vel og ráð hans halda okkur á vegi sannleikans. Ef við viljum þetta ekki er fátt til varnar.

Skoðum aðra frásögu sem að mörgu leiti fjallar um sama en þó ekki þegar betur er skoðað:

„ Nú á einhver yðar hundrað sauði og týnir einum þeirra. Skilur hann ekki þá níutíu og níu eftir í óbyggðinni og fer eftir þeim, sem týndur er, þar til hann finnur hann? Og glaður leggur hann sauðinn á herðar sér, er hann finnur hann. Þegar hann kemur heim, kallar hann saman vini sína og nágretta og segir við þá: Samgledjist mér, því að ég hef fundið sauðinn minn, sem týndur var. „ (Lúk 15:4-6)

Að týnast er eitt og taka sjálfur ákvörðun um að yfirgefa hópinn annað. Og þarna skilur á milli þegar Drottin er annars vegar.

Týndur maður er það vegna þess að á einhverjum stað tók hann ranga beygju og beygði til vinstri þegar réttur vegur var til hægri. Og er svo komið að hann ratar ekki aftur heim. Þessi maður tók ekki fyrirfram gerða ákvörðun um að fara frá hlýju og kærleika Drottins, eins og við sjáum að yngri sonurinn gerði í hinni sögunni sem við lásum og fjölluðum lítillga um hér ofar. En veikleikinn, ævintýramennskan, kenningaflaumurinn sem þaut um hann allt í kring. Allt þetta hafði á endanum sín áhrif og tókst að læsa klóm í þessa manneskju. Allt tendrað og matreitt af djöflinum og maðurinn í veikleika sínum hrífst af og flækir sig blindur í og ratar svo ekki hjálparlaust út aftur. Sumir eru þarna svo bara áfram og búnir jafnvel að fyrirgera rétti sínum til lífsins með Drottni, frelsara sínum og sanna lausnara, án þess kannski að átta sig á hvað sé í gangi.

Jarðvistin er tíminn sem okkur er gefinn til að velja hvað taki við og á hvorum staðnum við höfnum í eilífðinni. Týndi einstaklingurinn taldi sig líklega allan tímann þjóna Drottni en komst að raun um annað.

Eða eftir að Drottinn hafði flutt hann aftur inn í sitt rann. Sú uppgötvun fær kaldann svita til að spretta fram á enni hans og maðurinn hefur lært sína þörfu lexíu. En hann þurfti samt ekkert að villast frá. Val vinir. Val.

Hinum týnda og afvegleidda skuldbindur Drottinn sig til að fara á eftir og leita að og linna ekki látum fyrr heldur en hann hefur sett hann á sínar eigin axlir og borið heim. Munum að yngri sonurinn kom sjálfviljugur vegna þess að hann fór sjálfviljugur og samkvæmt sinni eigin ákvörðun. Ekkert annað var í stöðunni fyrir hann úr því sem komið var. Á þessu er sem sjá má munur.

Það sem einnig vekur athygli hér er að í bæði skiptin slær Drottinn upp mikilli veislu (takið eftir að Drottinn sjálfur heldur veisluna) og menn hvattir til að fagna. Og er ekki ástæða til fagnaðarláta og veisluhalda er menn koma yfir frá dauðanum til lífsins hvort sem þeir hafa villst þangað vegna háskalegra villukennslu eða tóku ákvörðun um að yfirgefa Drottinn og hella sér af alefli út í heimsins lystisemdir og syndaánauðina? Allavega í augum Drottins er ástæða til fagnaðar.

Hér kemur kærleikur og elska Drottins til allra manna vel fram. Menn í annan stað bregðast misjafnt við endurkomu fólks inn í kirkjuna og flestir illa. Sem er hörmulegt. En þá skal haft í huga að Guð er ekki maður og hugsar ekki og framkvæmir endilega eins fólknið vill að gert sé. Þótt slíkt geti vel gerst. Hann er Guð og skapari allra hluta. Og í þessu liggur styrkur hins trúaða manns og hvergi annarstaðar. Höldum vöku okkar.

Amen.